Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borgarnes

Árni Steinn Viggósson

Atvinnustarfsemi í Sundahöfn

Faxaflóahafnir sf.
Ágúst 2018

Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

1 Formáli

Sundahöfn rekur upphaf sitt til 7. áratugar síðustu aldar þegar ákveðið var hefja hafnargerð í Sundunum í Reykjavík. Athafnarými Gömlu hafnarinnar í Reykjavík var takmarkað og raddir þeirra sem töldu stækkun Gömlu hafnarinnar eða byggingu nýrrar hafnaraðstöðu nauðsynlega urðu sífellt sterkari. Svo fór að hafist var handa við uppbyggingu Sundahafnar en sú höfn tók síðar yfir þjónustu við skipafélögin og nær öll skemmtiferðaskip sem áður höfðu legið við bakka eða á legunni í Gömlu höfninni. Í dag er Sundahöfn mikilvæg miðstöð fyrir inn- og útflutning í gámum og heilfarmaflutninga en auk skipafélaganna eru þar starfrækt ýmis fyrirtæki, mörg hver í innflutningi og heildsölu.

Frá árinu 1994 hafa Faxaflóahafnir sf. staðið að könnun á atvinnustarfsemi í Sundahöfn á um fjögurra til fimm ára fresti. Að þessu sinni, sumarið 2018, framkvæmdi Árni Steinn Viggósson könnunina ásamt Elínu Birtu Pálsdóttur og var það í sjötta sinn sem það var gert. Fyrri kannanir gerðu Matthildur Kr. Elmarsdóttir árið 1994, Steinunn Elva Gunnardóttir árið 1998, Gunnlaugur Einarsson árið 2004, Sigríður Kr. Kristþórsdóttir árið 2009 og nú síðast Bergþóra Bergsdóttir árið 2014. Meðal upplýsinga sem leitast var eftir að fá hjá fyrirtækjunum má nefna starfsmannafjölda, eignarhald húsnæðis, framtíðarhorfur starfseminnar, mikilvægi staðsetningar, viðhorf til umferðarmála og fleira. Viðmælendum var einnig boðið að koma athugasemdum á framfæri við Faxaflóahafnir sf. Megin markmiðið er að afla upplýsinga frá atvinnurekendum í Sundahöfn sem nýst gætu við:

- Skipulagsvinnu og mótun stefnu um framtíðarstarfsemi í Sundahöfn.
- Að fylgjast með þróun og breytingum á hafnarsvæðinu.
- Kynningu og markaðssetningu á einstökum lóðum eða svæðum í Sundahöfn.

Hér að neðan verða niðurstöður könnunarinnar kynntar og samanburður gerður við eldri skýrslur. Vonast er til að niðurstöðurnar muni nýtast Faxaflóahöfnum sf. við ofangreind atriði í framtíðinni.

Efnisyfirlit

1 Formáli ... 2
2 Inngangur ... 4
2.1 Uppbygging skýrslu ... 4
2.2 Sundahafnasvæðið ... 4
3 Aðferðafræði ... 5
3.1 Gagnaöflun og úrvinnsla ... 5
4 Niðurstöður ... 8
4.1 Fyrirtæki ... 8
4.2 Starfsmenn ... 12
4.3 Húsnæði ... 16
4.4 Vöruhótel ... 19
4.5 Mikilvægi staðsetningar ... 20
4.6 Framtíðarhorfur ... 23
4.7 Bílastæði ... 25
5 Sérstakar athugasemdir ... 26
5.1 Umferðatengingar ... 26
5.2 Umferðamál innan Sundahafnar ... 27
5.3 Almenningssamgöngur á Sundahafnarsvæðinu ... 28
5.4 Aðgengi hjólandi og gangandi vegfarenda ... 28
5.5 Þróun atvinnuuppbyggingar í Sundahöfn ... 29
6 Athugasemdir til Faxaflóahafna sf. ... 30
7 Umræða ... 31
8 Samantekt ... 31
9 Myndaskrá ... 36
10 Töfluskrá ... 36
11 Heimildaskrá ... 37
Viðauki A ... 38
Viðauki B ... 41
1 Umferðatengingar að Sundahöfn ... 41
2 Hvað finnst þér um umferðarmál innan Sundahafnarsvæðisins? ... 42
3 Er þörf á betri almenningssamgöngum á Sundahafnarsvæðinu? ... 44
4 Er þörf á úrbótum á aðgengi hjólandi og gangandi umferðar í Sundahöfn? ... 45
5 Hvaða skoðun hefur þú á þróun atvinnuuppbyggingar á Sundahafnarsvæðinu? ... 46
Viðauki C ... 48
1 Athugasemdir til Faxaflóahafna sf. ... 48

2 Inngangur

2.1 Uppbygging skýrslu

Í upphafi skýrslunnar er stutt kynning á svæðinu sem ákvað fyrirtækin sem könnunin tók til og þeim aðferðum sem notaðar voru til að safna gögnum. Einnig er farið inn á spurningarnar sem fyrirtækin voru spurð ásamt því hvernig fyrirtækjunum var skipt niður í gagnavinnslunni. Því næst eru niðurstöður kynntar og samanburður við fyrri kannanir gerður, þar sem við á. Að lokum er síðan farið yfir sérstakar spurningar í formi athugasemda sem og samantekt.

2.2 Sundahafnasvæðið

Hafnir eru mikilvægur hluti af hagkerfi Íslendinga bæði hvað varðar verðmætasköpun og atvinnustarfsemi. Starfssvið hafna á Íslandi er afar fjölbreytt og felst meðal annars í almennum vöruflutningum, flutningum vegna stóriðju, þjónustu við sjávarútveginn og fólksflutningum. Höfnum á Íslandi má gjarnan skipta í þrjá flokka; *Almennar hafnir*, *fiskihafnir* og *iðnaðarhafnir*. Hafnir í Reykjavík falla helst undir flokkinn *almennar hafnir* þar sem þær einskorðast ekki við útgerð eða sérhæfða iðnaðarstarfsemi líkt og margar hafnir á landsbyggðinni (Axel Hall og Gylfi Magnússon, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2001). Hafnarsvæði eiga stóran þátt í því að tengja landið við umheiminn. Þar sem Ísland er eyja þurfa Íslendingar oftar en ekki að treysta á sjóflutninga, en megnið af inn- og útflutningi hérlendis fer sjóleiðina. Það er því mikilvægt að búa yfir góðum og tæknivæddum höfnum sem anna þeim vöruflutningum sem Íslendingar þurfa á að halda.

Árið 1966 var tekin ákvörðun um að byggja upp nýtt hafnarsvæði við Sundin í Reykjavík, Sundahöfn, og var verkið boðið út sama ár. Fram að því hafði Gamla höfnin í Reykjavík gengt hlutverki vöruflutninga-, fiski- og þjónustuhafnar í Reykjavík. Á sjöunda áratugnum fór hinsvegar að þrengja að vöruflutningum í Gömlu höfninni og lítið svæði var þar til staðar fyrir frekari þróun hafnarlands. Mikið þróunarland var til staðar í Sundunum ásamt því að svæðið bjó yfir miklu skjóli og voru það helstu ástæður þess að rekstur Sundahafnar hófst. Eimskipafélag Íslands hóf rekstur á svæðinu árið 1968 og Samskip árið 1979. Þar með hafði megin vöruflutningastarfsemin flust yfir í Sundahöfn. Undantekningin var flutningastarfsemi Hafskipa í Gömlu höfninni á áttunda og níunda áratugnum (Gísli Gíslason, 2011). Höfnin hefur þróast í takt við þær breytingar sem orðið hafa í vöruflutningum, frá því að vera fyrst og fremst með flutninga á brettum yfir í aukna gámaflutninga og margþættari nýtingu á farmstöðvum. Í dag er höfnin ein stærsta gámaflutningahöfn Norðurlanda (Gísli Gíslason, 2011). Í kjölfar hrunsins árið 2008 fór flutningum um hafnir Faxaflóahafna sf. fækkandi en frá árinu 2010 hafa þeir hægt og bítandi aukist á ný og núna síðast 2017 náð gömlum hæðum síðan 2007.

Hafnarland Faxaflóahafna sf. í Sundahöfn í dag er 166,3 ha. Fyrirtæki sem staðsett eru á hafnarlandi Faxaflóahafna sf. í Sundahöfn og tóku þátt í könnuninni starfa mörg hver á sviði vöruflutninga og má þar helst nefna heild- og umboðssölur, vörugeymslur og iðnaðarfyrirtæki. Fyrirtækin eru í Klettagörðum, Kjalarvogi, Brúarvogi, Skarfagörðum, á Köllunarklettsvegi, á Héðinsgötu, á Holtavegi og í neðri hluta Skútuvogs. Tveir umfangsmiklir samningar sem varða makaskipti lands, lóða og húseigna hafa þó verið gerðir milli borgarinnar og hafnarinnar frá upphafi hafnargerðar í Sundahöfn. Árið 1971 gerðu Geir Hallgrímsson, þáverandi borgarstjóri, og Gunnar B. Guðmundsson, þáverandi hafnarstjóri, samning sem fól í sér skipti á ýmsum lóðum hafnarsjóðs á baklandi Austurhafnar við Arnarhól og við Tryggvagötu á 55 ha landssvæði milli Sundagarða og Kleppsmýrarvegar í eigu borgarsjóðs (Gísli Gíslason, 2011). Árið 1997 gerði hafnarsjóður annan samning við borgarsjóð um skipti á 3 ha landi við Tryggvagötu í eigu hafnarsjóðs og 85 ha landi og lóðum í Laugarnesi, Gufunesi og Geldinganesi. Svæðið í Laugarnesi sem höfnin fékk fólst í Héðinsgötu og efri hluta Köllunarklettsvegar (Jón Þorvaldsson, 1997). Með þessum skiptum

stækkaði það svæði sem er hluti af könnuninni og er mikilvægt að hafa það í huga þegar breytingar á fjölda fyrirtækja í Sundahöfn milli skýrslunnar frá árinu 1994 og skýrslna eftir 1997 eru skoðaðar.

3 Aðferðafræði

3.1 Gagnaöflun og úrvinnsla

Svæðið sem könnunin nær yfir má sjá á *mynd 1* hér á undan þar sem Sundahafnarsvæðið er afmarkað með rauðri línu. Hins vegar er könnunin tvíþætt og verður gerður greinamunur á milli þeirra fyrirtækja sem liggja á jaðarsvæðum Sundahafnar og þeirra sem eru innan Sundahafnar. Jaðarsvæðið telst til þess svæðis sem er á milli Sæbrautar og Sundahafnarsvæðisins, þetta er einnig hægt að sjá á *mynd 1*. Fyrirtæki á jaðarsvæðunum hafa verið með í könnuninni frá árinu 2004, en þó er, eins og áður segir, tölfræði þeirra aðskilin frá fyrirtækjum á landsvæði Faxaflóahafna sf. í niðurstöðum. Ástæðan fyrir því að fyrirtæki á jaðarsvæðum eru hluti af könnuninni er sú að þau eru staðsett neðan Sæbrautar og tilheyra í raun Sundahafnarsvæðinu, en mikilvægt er að fá heildarmynd af starfseminni á svæðinu.

Sumarið 2018 var hafin undirbúningur að spurningarlista sem hægt væri að leggja fyrir forsvarsmenn eða talsmenn allra fyrirtækja á Sundahafnarsvæðinu. Spurningalistinn var unnin út frá spurningum fyrri ára svo samanburður á niðurstöðum yrði mögulegur en hann hélst að mestu óbreyttur. Spurningum sem var bætt við voru fjöldi viðskiptavina, til að fá heildarsýn yfir umgengni á svæðinu, ásamt fjölda starfsmanna í hlutastarfi, einnig ætluð til að auka yfirsýn. Hvorugar þeirra verða þó teknar fyrir í niðurstöðum en munu koma að góðum notum við samanburð fyrir næstu skýrslu.

Eftir að spurningalistinn var tilbúinn hófst vinna við gerð lista yfir öll fyrirtæki með hugsanlega starfsemi í Sundahöfn og á jaðarsvæðum. Notast var við upplýsingar úr fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands, lóðaleigulista Faxaflóahafna sf., símaskrá á netinu og útlitsskoðanir. Í fyrstu var listinn heldur langur en við nánari athuganir kom í ljós að nokkur fyrirtæki voru tví- eða þrítalin, mörg höfðu hætt starfsemi á svæðinu og enn fleiri voru einungis skráð á húsnæði í Sundahöfn og á jaðarsvæðum en höfðu enga starfsemi þar. Eignarhaldsfyrirtækjum húsnæðis, starfsmannafélögum og sjóðum var sleppt þar sem ekki er um eiginlega starfsemi á svæðinu að ræða. Alltaf er möguleiki á að einhver fyrirtæki hafi ekki komið upp við leit, sérstaklega ef um einyrkja er að ræða, og því ekki hægt að fullyrða að fyrirtækjalistinn sem stuðst var við sé tæmandi.

Alls náðist í forsvarsmenn 104 fyrirtækja í Sundahöfn og 73 á jaðarsvæðum hafnarsvæðisins. Þess má þó geta að samtals 27 fyrirtæki höfðu ekki tök á því að taka þátt að þessu sinni, sökum sumarleyfa og annarra anna, eða beinlínis neituðu þátttöku. Samanlagður fjöldi þeirra sem heyra undir könnunina er því 204 fyrirtæki sem skilar þátttöku upp á 86,8% að þessu sinni.Þess ber þó að geta að Kleppsspítala og skolpdælustöðinni við Klettagarða var sleppt líkt og í fyrri könnunum.

Spurningalistinn var sendur út rafrænt til fyrirtækjanna og var þar notast við Google forms til að halda utan um svörin. Það reyndist erfitt að fá öll fyrirtækin til þess að svara í fyrstu lotu, en aðeins tæpur fjórðungur fyrirtækjanna hafði svarað viku eftir að pósturinn var fyrst sendur út og má nefna ýmsar ástæður fyrir því en þó helst sumarfrí. Fyrsta tölvupóstinum var síðan fylgt á eftir með eftirfylgnibréfi og að lokum með símtali.

Þegar gagnaöflun lauk var hafist handa við að flokka fyrirtækin eftir eðli atvinnustarfsemi þeirra. Ef fyrirtæki var með starfsemi sem féll undir fleiri en einn flokk var viðamesti hluti starfseminnar látinn ráða för. Mikilvægt er að geta borið niðurstöður flokkunarinnar saman við niðurstöður fyrri skýrslna og var því ákveðið að notast við nokkurn

veginn sama flokkunarlykil og fyrri ár að yfirflokknum „ferðaþjónusta“ undanskyldum. Honum var bætt við, enda fyrirtækjum fjölgað mikið í þeirri atvinnugrein. Hér að neðan má sjá yfirflokkana átta, en flokkunarlykilinn í heild sinni er aðgengilegur *viðauka A*.

- Annað
- Ferðaþjónusta
- Geymslur
- Heild- og umboðssala
- Iðnaður
- Samgöngur
- Smásala og veitingar
- Þjónusta

Úrvinnslu, greiningu og niðurstöðum svara forsvarsmanna fyrirtækjanna er gert betur skil í næstu köflum. Að lokum er mikilvægt að taka fram að öll gögn byggjast alfarið á svörum forsvarsmanna fyrirtækjanna og er því gengið út frá því við samantekt niðurstaða að þau séu rétt.

Tæknideild Faxaflóahafna / Dísa
S 9.0-Annad\ Ymislegt\ 9-0-Sh-Yfirlitsmynd2017

1:7.750

Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

MYND 1 – SVÆÐI SUNDAHAFNAR AFMARKAÐ MEÐ RAUÐRI LÍNU. UMRÆDD JAÐARSVÆÐI AFMARKAST Á MILLI SÆBRAUTAR OG RAUÐU LÍNUNNAR.

4 Niðurstöður

4.1 Fyrirtæki

Líkt og áður kom fram náðist í forsvarsmenn 104 fyrirtækja í Sundahöfn. Þetta er svipaður fjöldi og árið 2014 þegar náðist í 100 fyrirtæki, en einungis 92 af þeim 100 svöruðu spurningalistanum þá. Þau voru engu að síður talin með árið 2014 að einhverju leiti og verður því vitnað í þau gögn eins og þau voru sett fram þá. Fjöldi fyrirtækja í Sundahöfn hefur lítið breyst frá árinu 2014, en þeim hefur aðeins fjölgað um fjögur fyrirtæki. Þó svo að fjöldi fyrirtækja sé einu fyrirtæki frá því að jafna met fjölda fyrirtækja í Sundahöfn má geta þess að 27 fyrirtæki höfðu ekki tök á því að taka þátt í könnuninni eða beinlínis neituðu þátttöku þetta árið.

Fjöldi fyrirtækja í Sundahöfn hefur tvöfaldast síðan að mælingar hófust árið 1994. Í lægð árið 2004 fækkaði hins vegar fyrirtækjum um 16 frá árinu á undan. Fjölgunin á milli áranna 1994 og 1998 má þó, eins og áður kom fram, að einhverju leyti rekja til makaskiptasamningsins frá árinu 1997.

Hægt er að sjá þróun fjölda fyrirtækja í Sundahöfn á *mynd 2* hér fyrir neðan.



MYND 2 – FJÖLDI FYRIRTÆKJA Í SUNDAHÖFN.

Þegar fyrirtæki í Sundahöfn eru flokkuð eftir yfirflokkunum átta kemur í ljós að flest fyrirtækjanna í Sundahöfn starfa í *þjónustu* eða 31% sem er breyting frá því að könnunin var síðast framkvæmd þegar *heild- og umboðssölur* var fjölmennasti flokkurinn með 31% hlutdeild. Saman mynda þessar tvær atvinnugreinar þó meirihluta að þessu sinni með samtals 55% hlutdeild eins og sjá má betur á *mynd 3*.



MYND 3 – HLUTDEILD FYRIRTÆKJA EFTIR ATVINNUGREINUM Í SUNDAHÖFN 2018.

Ef litið er á skiptingu fyrirtækja fyrri rannsóknarára má sjá að *heild- og umboðssala* og *þjónusta* hafa ávallt verið umfangsmestu atvinnugreinarnar í Sundahöfn. Að auki hafa heildsölur verið fleiri en þjónustufyrirtæki í öllum tilvikum að frátöldu árinu 1998 þegar flokkarnir tveir voru jafn stórir, eða 23 fyrirtæki hvor. Í ár er hins vegar breyting þar á, þar sem þjónusta hefur sótt í sig veðrið þrátt fyrir að ferðaþjónusta, sem hefur hingað til verið talin undir þjónustu, hafi greint sig frá. *Mynd 4* hér að neðan sýnir fjölda fyrirtækja í hverjum yfirflokki fyrir sig öll rannsóknarárin.



MYND 4 – FYRIRTÆKI EFTIR ATVINNUGREINUM Í SUNDAHÖFN.

Heild- og umboðssölum í Sundahöfn fækkaði úr 38 í 31 á árunum 2009 – 2014 og lækka nú aftur úr 31 í 25. Það er athyglisvert í ljósi þess að á milli áranna 2004 og 2009 tók sú atvinnugrein stökk og heildsölum fjölgaði um 18 en nú aðeins níu árum seinna er fjöldinn aftur kominn í sínar gömlu horfur

Á sama tíma og heildsölum er tekið að fækka hefur fyrirtækjum í *þjónustu* í Sundahöfn fjölgað um átta fyrirtæki frá árinu 2014 sem höfðu þegar fjölgað um sjö á tímabilinu 2009 – 2014. Þessi aukning gerir það að verkum að *þjónusta* er orðin fjölmennasta atvinnugreinin en hún er víðtæk og má sjá niðurröðun hennar nánar í *viðauka A*.

Þriðja atvinnugreinin þar sem breytingar hafa verið miklar eru geymslur en þar fækkaði fyrirtækjum úr níu og í fimm á tímabilinu 2009 – 2014 og nú aftur niður í aðeins 2 fyrirtæki.

Jaðarsvæði Sundahafnar eru, eins og áður sagði, svæði sem ekki tilheyra Faxaflóahöfnum sf. en eru þó staðsett neðan við Sæbrautina og inn á hinu skilgreinda Sundahafnarsvæði. Þau svæði eru í raun hluti af hafnarsvæðinu og hafa tekið þátt í könnuninni frá árinu 2004. Líkt og áður sagði eru göturnar á jaðarsvæðum Sundagarðar, Sundaborg, Vatnagarðar og efri hluti Skútuvogs, það eru slétt húsnúmer. Í þetta sinn svöruðu 73 fyrirtæki spurningalistanum en það er talsvert lakara en árið 2014 þegar 95 fyrirtæki svöruðu spurningalistanum. Í ár voru þó 27 fyrirtæki á svæðinu öllu sem ekki náðist í eða beinlínis neituðu þátttöku svo ekki er hægt að segja með vissu að fyrirtækjum hafi fækkað á svæðinu. Fjöldi fyrirtækja á jaðarsvæðinu í gegnum tíðina má sjá á *mynd 5* en vekja skal athygli á því að árið 2014 eru fyrirtæki sem ekki svöruðu könnuninni einnig tekin með.



MYND 5 – FJÖLDI FYRIRTÆKJA Á JAÐARSVÆÐI.

Á tímabilinu 2009 – 2014 fjölgaði fyrirtækjum gríðarlega eða um rúm 53%. Það mátti því búast við svipuðum takti þetta árið en allt kom fyrir ekki. Þrátt fyrir að fyrirtæki sem ekki náðist í séu talin með árið 2014 eru fyrirtæki sem tóku þátt í ár talsvert færri en í síðustu könnun eða 22 fyrirtækjum færri. Gríðarlegur vöxtur var í nýjum fyrirtækjum árið 2014 en frá könnuninni þar á undan, árið 2009, höfðu 51 fyrirtæki flutt sig á jaðarsvæðið, samanborið við aðeins 26 fyrirtæki sem hafa nú flutt á jaðarsvæðið síðan síðasta könnun var framkvæmd 2014. Á sama tíma eru ávalt einhvað brottfall eða samrunar.

Þessi mikla fjölgun fyrirtækja á jaðarsvæðunum, úr 66 í 101, stafar meðal annars af því að árið 2009 voru einungis 2 fyrirtæki starfrækt í skrifstofuhúsnæðinu og á þjónustustöðinni í Sundagörðum 2 en nú eru þau mun fleiri, eða 12. Einnig hefur fyrirtækjum í Sundaborg fjölgað mikið en í dag eru þar starfræk 30 fyrirtæki, sem er fjölgun um 13 fyrirtæki frá því árið 2009. Þriðja mögulega ástæðan fyrir fjölguninni er að húsnæði í Vatnagörðum virðist vera betur nýtt þar sem fyrirtækjum þar hefur fjölgað um 10 þó ekkert nýtt húsnæði hafi verið byggt.

Flest fyrirtækjanna á jaðarsvæðum eru heildsölur, eða 26, og 21 eru þjónustufyrirtæki. Hér er sömu sögu að segja og hjá fyrirtækjum í Sundahöfn en rúmlega 65% allra fyrirtækja á jaðarsvæðum starfa annaðhvort á sviði þjónustu eða heildsölu, sbr. við 60% árið 2014. Þessir tveir flokkar eru með flest fyrirtækin í öllum fjórum könnununum sem hafa verið framkvæmdar hingað til. Athyglisvert er að árið 2018 er ekkert fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtæki starfrækt á jaðarsvæðum Sundahafnar né fyrirtæki sem starfar við flutninga. Þá er aðeins eitt fyrirtæki í ferðaþjónustu á jaðarsvæðinu miðað við 12 fyrirtæki í Sundahöfn. *Mynd 6* hér að neðan sýnir skiptingu fyrirtækja á jaðarsvæðum eftir atvinnugreinum árið 2014.



MYND 6 – HLUTDEILD FYRIRTÆKJA EFTIR ATVINNUGREINUM Á JAÐARSVÆÐUM 2018.

Sé hlutdeild fyrirtækja borin saman við fyrri ár er lítið sem stendur upp úr. Eins og áður hefur komið fram var þátttaka fyrirtækja á jaðarsvæði lakari að þessu sinni en hefur verið síðast liðin ár. Fyrirtækjum fækkaði hlutfallslega í öllum flokkum svo hlutdeild atvinnugreina helst meira og minna óbreytt milli ára en árið 2014 varð mikil fjölgun í þjónustu fyrirtækjum, þegar fjölgaði um 21 fyrirtæki. Í ár má þó helst nefna að fyrirtækjum sem flokkast í *annað* fjölgaði um rúmlega 33%, eða úr 6 í 8 fyrirtæki, en sú þróun hefur verið stöðug síðan að mælingar hófust árið 2004. Þessar upplýsingar má lesa nánar af *mynd 7*.



MYND 7 – FYRIRTÆKI EFTIR ATVINNUGREINUM Á JAÐARSVÆÐI.

Í fyrri skýrslu er bent á að fjölgun fyrirtækja megi rekja til nýtingu á húsnæði að Sundagörðum 2, en það voru tíu fyrirtæki sem hófu starfsemi þar frá 2009 og nú hafa átta fyrirtæki hafið starfsemi þar til viðbótar. Það er þó verðugt að taka það fram að í húsnæðinu er talsverður fjöldi af einyrkjum í lögmennsku og voru þeir allir teknir undir einn hatt í þessum mælingum.

4.2 Starfsmenn

Starfsmannafjöldi allra fyrirtækja, á jaðarsvæðum og í Sundahöfn, var fenginn frá forsvars- og talsmönnum fyrirtækjanna. Bæði var spurt um fastráðna starfsmenn sem starfa innan hafnarsvæðisins sem og verktökum, sjómönnum, sumarstarfsmönnum og starfsmönnum í óreglulegum hlutastörfum.

Samkvæmt svörum forsvars- og talsmanna fyrirtækja hefur starfsmönnum fjölgað um 40% og starfa í dag samtals 3.413 starfsmenn í Sundahöfn, og er þetta mikil hækkun frá 2014 þegar þar störfuðu 2.434 starfsmenn. Starfsmannafjöldi hefur vaxið jafnt og þétt frá því að mælingar hófust 1994, að síðustu mælingu árið 2014 undanskilinni, og má lesa þróun í starfsmannafjölda betur af *mynd 8*. Þar sem starfsmannafjöldinn árið 1998 var tekinn saman í bilunum 1-10, 11-30, 31-50, 51-90, 91 og fleiri, var ekki hægt að bera þær upplýsingar saman við starfsmannafjölda annarra ára.



MYND 8 – FJÖLDI STARFSMANNA Í SUNDAHÖFN.

Árið 2014 var í fyrsta sinn spurt um kynjahlutfall starfsmanna og voru þá tæplega 30% starfsmanna konur. Í dag er hlutfallið hærra þar sem 35% starfsmanna eru konur. Þess má þó geta að ekki er hægt að áætla fjölda starfsmanna eftir kyni vegna þess að sum fyrirtækjanna gátu ekki sagt nákvæman fjölda með vissu og var þeim fyrirtækjum sleppt við útreikninga kynjahlutfallsins. *Tafla 1* hér fyrir neðan sýnir þróunina frá síðustu könnun.

TAFLA 1 – KYNJAHLUTFÖLL STARFSMANNA Í SUNDAHÖFN.

	2014	2018
Konur	29,90%	35,02%
Karlar	70,10%	64,98%
Alls	100,00%	100,00%

Séu starfsmenn flokkaðir eftir atvinnugreinum, sjá *mynd 9*, sést að langflestir í Sundahöfn starfa við flutninga þrátt fyrir að einungis 9% fyrirtækja í Sundahöfn eru flutningafyrirtæki en sami taktur hefur verið í öllum könnunum hingað til. Það er þó engu að síður athyglisvert að smæsti atvinnugreinaflokkur fyrirtækjanna, á eftir *geymslum*, hefur mestan fjölda starfsmanna, samtals 1.143 starfsmenn. Það skýrist þó eðlilega af því að bæði Samskip og Eimskip falla undir þann flokk en þau eru langumfangsmestu fyrirtækin í Sundahöfn, bæði hvað varðar starfsmannafjölda og athafnasvæði. Samanlagt eru skipafélögin tvö með tæplega 1.000 starfsmenn innan Sundahafnarsvæðisins.



MYND 9 – FJÖLDI STARFSMANNA Í SUNDAHÖFN EFTIR ATVINNUGREINUM.

Starfsmönnum hefur fækkað í fjórum atvinnugreinum en það má þó rekja fækkun starfsmanna í *þjónustu* til nýja flokksins *ferðaþjónusta*. Það fækkaði einnig í fjórum flokkum árið 2014 en aðeins tveir flokkar hafa nú fallið í starfsmannafjölda tvær kannanir í röð, flokkarnir *geymslur* og *smásala og veitingar*. Eini flokkurinn sem hefur vaxið frá því að kannanir hófust er flokkurinn *annað* en hann hefur sífellt bætt við sig starfsmönnum.

Mesta fjölgunin, fyrir utan ferðaþjónustu, hefur verið í *heild- og umboðssölu* sem bættu við sig 419 stöðugildum. Mesta fjölgunin þar áður eða á tímabilinu 2009 – 2014 var *iðnaður* sem bætti við sig 130 stöðugildum en misstu nú 65 á tímabilinu 2014 – 2018. Það er hins vegar ljóst að á þeim árum sem kannanir hafa verið gerðar hefur fólki sem sækir vinnu í Sundahöfn fjölgað mikið ef á heildina er litið, eða ríflega þrefaldast frá 1994.

Þau 73 fyrirtæki sem svöruðu spurningalistanum á jaðarsvæðinu bera sín á milli 676 starfsmenn, en það er nálægt því að vera söguleg lægð í fjölda starfsmanna svo stuttu eftir sögulegan metfjölda í síðustu könnun árið 2014. Þess skal þó til haga haft að 27 fyrirtæki sáu sér ekki fært að taka þátt svo er ekki hægt að segja með vissu að starfsmönnum hafi virkilega fækkað á jaðasvæðunum. *Mynd 10* hér að neðan sýnir samanburð á starfsmannafjölda jaðarsvæðanna árin 2004, 2009, 2014 og 2018 en eins og greint hefur verið frá voru fyrirtæki á jaðarsvæðum fyrst með í könnuninni árið 2004.



MYND 10 – FJÖLDI STARFSAMANNA Á JAÐARSVÆÐI.

Kynjahlutfall fyrirtækja á jaðarsvæðum er talsvert lakara en í Sundahöfn, en 25% starfsmanna eru konur. Hafa skal í huga að ekki er hægt að áætla fjölda starfsmanna eftir kyni vegna þess að sum fyrirtækjanna gátu ekki sagt nákvæman fjölda með vissu og var þeim fyrirtækjum sleppt við útreikninga kynjahlutfallsins en þróunina milli ára má sjá í *töflu 2*.

TAFLA 2 – KYNJAHLUTFÖLL STARFSMANNA Á JAÐARSVÆÐI.

	2014	2018
Konur	34,90%	25,28%
Karlar	65,10%	74,72%
Alls	100%	100%

Þegar nýlega komin fyrirtæki á þessum svæðum eru skoðuð með tilliti til starfsmannafjölda sést að almennt er um fámenn fyrirtæki að ræða, en átján fyrirtæki, af þeim 38 fyrirtækjum sem flutt hafa á jaðarsvæðið frá 2009, eru með þrjá eða færri starfsmenn. Einungis fjögur ný fyrirtæki á svæðinu eru með 20 eða fleiri starfsmenn.

Á *mynd 11* má sjá hvernig starfsmenn á jaðarsvæði raðast niður eftir atvinnugreinum. Litlu munar á fjölda starfsmanna í flokkunum *heild- og umboðssölu* og *þjónustu* en saman mynda þessir tveir flokkar bróðurpart allra starfa á jaðarsvæðinu með tæp 60% starfsmanna. Athygli vekur að flokkurinn *þjónusta*, einn og sér, var með nánast jafn marga starfsmenn við síðustu athugun og heildarstarfsmenn jaðarsvæðisins eru í dag, eða 617 starfsmenn miðað við 676 starfsmenn í heildina í dag. Munurinn á tölunum virðist vera þjónustufyrirtæki sem greinilega hefur ekki náðst tali af fyrir nýliðna könnun.

Starfsmönnum er að fjölga í öllum atvinnugreinum nema þeim tveimur stærstu, að *geymslum* undanskyldum.



MYND 11 – FJÖLDI STARFSMANNA Á JAÐARSVÆÐI EFTIR ATVINNUGREINUM.

4.3 Húsnæði

Samanlagðar fasteignir í Sundahöfn hafa vaxið jafnt og þétt og hafa nú bæst við 36.104,8 m^2 síðan árið 2014, það er þó ekki mesta stækkunin því á árunum 2004 – 2009 fjölgaði fermetrum um 86.905 m^2.

TAFLA 3 – SAMTALS FERMETRAR AF FASTEIGNUM Í SUNDAHÖFN OG Á JAÐARSVÆÐUM.

	2004	2009	2014	2018
Samtals fasteignir í Sundahöfn (m^2)	252.595	339.500	343.000	379.105
Samtals fasteignir á jaðarsvæði (m^2)				78.234

Flest fyrirtæki í Sundahöfn eru í leiguhúsnæði, eða 72, en 32 eiga húsnæði sitt. Þess má geta að þau fyrirtæki sem bæði eru í eigin húsnæði og leiguhúsnæði voru flokkuð sem fyrirtæki í eigin húsnæði. Þegar skýrslur síðastliðinna ára eru skoðaðar sést að talsverð breyting hefur orðið í þessum efnum en það var ekki fyrr en árið 2009 sem fyrirtæki í leiguhúsnæði komust í meirihluta, og síðan hefur ekki verið aftur snúið. *Mynd 12* hér að neðan sýnir hlutfallslega skiptingu eftir eignarhaldi og samanburð milli ára. Það vekur athygli að hlutfall eigin húsnæðis er nálægt sögulegu lágmarki en það var eftir efnahagshrunið 2008 þegar aðeins 28% fyrirtækja voru í eigin húsnæði árið 2009.



MYND 12 – EIGNARHALD HÚSNÆÐIS FYRIRTÆKJA Í SUNDAHÖFN.

Á jaðarsvæðum Sundahafnar er sömu sögu að segja en flest fyrirtæki þar eru í leiguhúsnæði, eða 57, og 16 fyrirtæki eiga sjálf húsnæðið. Hlutfall þeirra sem eru í eigin húsnæði er því um 22%, en það er minnkun frá 32% frá því árið 2014. *Mynd 13* hér að neðan sýnir eignarhald húsnæðis á jaðarsvæðum en ekki eru til eldri gögn um eignarhald húsnæðis fyrirtækja á jaðarsvæðum Sundahafnar þar sem allar upplýsingar er varða stærðir og eignarhald húsnæðis árin 2004 og 2009 voru einungis teknar saman fyrir fyrirtæki í Sundahöfn sjálfri. Hér er þó verðugt að minna á að 27 fyrirtæki kusu að taka ekki þátt í könnuninni, nú árið 2018, og því ekki verðugt að bera saman fjölda fyrirtækja heldur einungis hlutfallslega þróun.



MYND 13 – EIGNARHALD HÚSNÆÐIS FYRIRTÆKJA Á JAÐARSVÆÐUM.

Forsvarsmenn fyrirtækja voru einnig spurðir hversu stórt húsnæði þeir hefðu til umráða á hafnarsvæðinu og þeim raðað í flokka eftir stærðum. Ef fyrirtæki voru með aðsetur á fleiri en einum stað innan Sundahafnarsvæðisins var allt húsnæði þeirra talið saman sem ein heild. Alls sögðust 20 fyrirtæki, beggja svæða, af þeim 177 svöruðu spurningalistanum vera með aðra aðstöðu innan Sundahafnarsvæðisins og var þá oftast um að ræða lagerhúsnæði.

Dæmi um slík fyrirtæki eru Bónus, sem rekur tvær verslanir ásamt skrifstofu á hafnarsvæðinu, og Húsasmiðjan, sem er með verslun, skrifstofu og lageraðstöðu innan hafnarsvæðisins.

Langflest fyrirtæki í Sundahöfn eru í stóru húsnæði, 1000 m^2 og stærra, eða rúmlega 39%, miðað við 45% árið 2014. Um helmingur fyrirtækjanna í stórum húseignum eiga þær sjálf, eða 20 af 41 fyrirtæki. Á mynd 14 hér að neðan má sjá skiptingu fyrirtækja í Sundahöfn eftir stærð húsnæðis en einnig innbyrðis skiptingu hvers flokks eftir eignarhaldi húsnæðis. Þess ber að geta að allar upplýsingar um stærðir húsnæðis eru fengnar frá viðmælendunum og gengið er út frá því að þær séu réttar.



MYND 14 – EIGNARHALD HÚSNÆÐIS FYRIRTÆKJA Í SUNDAHÖFN M.V. STÆRÐ.

Eins og sést á *Mynd 14* var stærsti flokkurinn, 1000+ m^2, fyrirferða mestur með um 39% fyrirtækja, á meðan smæsti flokkurinn, 0 m^2 – 199 m^2, var með um 20% hlutdeild. Mun minna hlutfall fyrirtækja í minnstu húseignunum er í eigin húsnæði, eða tæplega 20% af fyrirtækjum á bilinu 0 – 399 m^2 eru í eigin húsnæði. Fyrirtæki í minna húsnæði eru mörg hver að leigja skrifstofur eða rými af öðrum fyrirtækjum. Þrír talsmenn fyrirtækja höfðu ekki upplýsingar um húsnæðisstærð þess.

Upplýsingar um stærðir húsnæðis hafa verið teknar saman í nokkrum skýrslum um Sundahafnarsvæðið. Árið 1994 voru fyrirtæki í Sundahöfn og í Gömlu höfninni talin saman en þá voru flokkarnir mun fleiri en nú. Það er því ekki hentugt að gera samanburð við þær niðurstöður. Niðurstöður skýrslunnar frá 1998 eru hinsvegar vel samanburðarhæfar þar sem upplýsingar voru teknar saman fyrir Sundahöfn í sömu flokkum. Þó var stærsti flokkurinn 800+ m^2 en nú var sá flokkur hafður tvískiptur. Árið 1998 voru um 38% fyrirtækja í Sundahöfn í húsnæði stærra en 800 m^2. Hlutfallslega helst stærsti flokkurinn sambærilegur en hann myndar nú 39% af öllum húsnæðum fyrirtækja. Í flokknum 400 m^2 – 599 m^2 árið 1998 voru um 13% fyrirtækja en þeim hefur fækkað og eru í dag hlutfallslega færri, einungis 9,6% borið saman við 6,5% árið 2014. Engar upplýsingar um húsnæðisstærðir einstakra fyrirtækja voru teknar saman árin 2004 og 2009 svo ekki er möguleiki á samanburði við þau ár. Miðað við upplýsingar frá 1998 er því ljóst að fyrirtæki í Sundahöfn eru smám saman að þróast yfir í stærra húsnæði.

Þegar sömu upplýsingar eru teknar saman fyrir fyrirtæki á jaðarsvæðum er ekki sambærilegar niðurstöður að fá þar sem flest fyrirtæki eru í litlu húsnæði, eða í húsnæði á bilinu 0 m^2 – 199 m^2, og næstflest í 200 m^2 – 399 m^2 þó það muni aðeins einu fyrirtæki á þeim flokki og þeim fyrirtækjum sem eru í 1000+ m^2. *Mynd 15* hér að neðan sýnir skiptingu fyrirtækja á jaðarsvæðum í stærðarflokka húsnæðis ásamt innbyrðis skiptingu eftir eignarhaldi.



	0-199	200-399	400-599	600-799	800-999	1000+	Óvitað
Leigu	23	12	4	7	1	8	2
Eigin	0	6	0	1	0	9	0

MYND 15 - EIGNARHALD HÚSNÆÐIS FYRIRTÆKJA Á JAÐARSVÆÐI.

Athygli vekur að ekkert fyrirtæki af 23 í flokknum 0 m^2 – 199 m^2 eru í eigin húsnæði. Það eru talsvert aðrar tölur en sáust í Sundahöfn þar sem 20% fyrirtækja voru í húsnæði á sama stærðarbili. Sambærilegar upplýsingar voru ekki teknar saman fyrir jaðarsvæðin í eldri skýrslum.

4.4 Vöruhótel

Á síðustu árum hefur fyrirtækjum staðið til boða að úthýsa lagerstarfsemi sinni að hluta til eða að fullu hjá skipafélögunum í Sundahöfn. Eins og niðurstöður síðustu ára hafa sýnt eru margar heild- og umboðssölur með starfsemi bæði í Sundahöfn og á jaðarsvæðum og þurfa þær eðlilega að halda lager, hvort sem það er í eigin húsnæði eða úthýst. Árið 2009 var því spurningu um vöruhótel skipafélaganna bætt við listann til þess að sjá hvort fyrirtæki væru að nýta sér þjónustuna. Í ljós kom að um 22% fyrirtækja í Sundahöfn og 15% á jaðarsvæðum nýttu sér hana 2009. Spurningin var endurtekin árið 2014 og nú aftur 2018. Árið 2014 voru 20% fyrirtækja í Sundahöfn og 14% á jaðarsvæðum að nýta sér þjónustuna og nú árið 2018 er hlutfallið komið upp í tæplega 24% í Sundahöfn, þar sem þrjú fyrirtæki reka vöruhótel, og rúmlega 16% fyrirtækja á jaðarsvæðinu. Nýtingin hefur þar af leiðandi lítið sem ekkert breyst frá árinu 2009. Margar ástæður geta verið fyrir því að nýtingin er eins lág og raun ber vitni en mörg fyrirtæki í Sundahöfn sem halda lager eru með stórt húsnæði og sjá sér mögulega ekki hag í að nýta sér þjónustuna. Einnig hafa ekki öll fyrirtæki á svæðinu þörf fyrir lager eða vöruhýsingu, t.d. mörg þjónustufyrirtæki, en sá flokkur er stór á báðum svæðum. *Mynd 16* sýnir niðurstöður fyrirtækja í Sundahöfn og *mynd 17* á jaðarsvæðum.



MYND 16 – NÝTING FYRIRTÆKJA Í SUNDAHÖFN Á VÖRUHÓTELI.



MYND 17 - NÝTING FYRIRTÆKJA Í SUNDAHÖFN Á VÖRUHÓTELI.

4.5 Mikilvægi staðsetningar

Árið 2009 voru forsvarsmenn fyrirtækja spurðir hversu mikilvæg staðsetningin á hafnarsvæðinu væri fyrir rekstur þeirra. Voru þeir beðnir um að gefa staðsetningunni einkunn á skalanum 1 til 5, þar sem 5 stendur fyrir *Mjög mikilvæg* og 1 fyrir *Alls ekki mikilvæg*. Þessi spurning hefur verið endurtekin síðan og árið 2014 var meðaleinkunn fyrirtækja í Sundahöfn 3,77 en aðeins lægri, eða 2,98, hjá fyrirtækjum á jaðarsvæðum Sundahafnar. Nú árið 2018 er meðaltal fyrirtækja í Sundahöfn 3,30 og meðaltal fyrirtækja á jaðarsvæðum 3,07, sem gefur heildarmeðaltal 3,20. Þetta er talsverð lækkun á meðaltali, bæði á heildar meðaltali og hjá fyrirtækjum í Sundahöfn sérstaklega, á meðan meðaltal hjá fyrirtækjum á jaðarsvæðum hækkaði lítillega. Meðaleinkunn beggja svæða er þó enn yfir 2,5, sem er miðgildið, og má því

draga þá ályktun að almennt þyki forsvarsmönnum fyrirtækjanna staðsetningin vera mikilvæg og má sjá meðaleinkunn fyrirtækja nánar í töflum 4 og 5 fyrir hvort svæðið um sig.

Algengasta einkunn fyrirtækja í Sundahöfn var 5 með 32 atkvæði en næst algengasta var 1 með 25 atkvæði. Algengasta einkunn fyrirtækja á jaðarsvæðum var 3 með 18 atkvæði en einkunnin 4 og einkunnin 1 voru jöfn þar á eftir með 17 atkvæði hvor. Þess má geta að sömu einkunnir voru algengustu einkunnirnar árið 2014.

Þess ber að geta að ekki er um sömu meðaleinkunnir að ræða hér að neðan og birtar voru í skýrslunni árið 2009. Ástæðan fyrir því er sú að ekki var notast við vegið meðaltal við útreikninga árið 2009 og voru meðaleinkunnirnar því endurreiknaðar til þess að fá samanburðarhæfar tölur. Hér að neðan má sjá meðaleinkunnir hverrar atvinnugreinar á hvoru svæði fyrir sig fyrir árin 2009 og 2014.

TAFLA 4 – MIKILVÆGI STAÐSETNINGAR FYRIRTÆKJA Í SUNDAHÖFN FLOKKUÐ EFTIR ATVINNUGREINUM.

SH - Meðaltal	**2009**	**2014**	**2018**
Annað	3,38	4,14	3,40
Ferðaþjónusta			2,75
Geymslur	3,67	4,40	2,50
Heild- og umboðssala	3,24	3,82	3,84
Iðnaður	3,54	3,75	3,92
Flutningar	4,71	4,60	4,22
Smásala og veitingar	2,60	3,25	3,14
Þjónusta	3,30	3,50	2,46
Vegið meðaltal	**3,37**	**3,77**	**3,30**

TAFLA 5 – MIKILVÆGI STAÐSETNINGAR FYRIRTÆKJA Á JAÐARSVÆÐUM FLOKKUÐ EFTIR ATVINNUGREINUM.

	2009	**2014**	**2018**
Annað	2,50	1,83	2,88
Ferðaþjónusta			4,00
Geymslur		4,00	
Heild- og umboðssala	3,65	3,52	2,65
Iðnaður	2,63	2,93	4,11
Flutningar			1,00
Smásala og veitingar	2,90	2,92	4,00
Þjónusta	3,09	2,71	3,05
Vegið meðaltal	**3,21**	**2,98**	**3,07**

Eins og sést í *Töflu 4* gefa forsvarsmenn fyrirtækja í flokknum *Flutningar* hæstu meðaleinkunnina í Sundahöfn eða 4,22, sem er lækkun frá hæstu meðaleinkunn 4,60 árið 2014. Lægsta meðaleinkunnin, 2,46, tilheyrir að þessu sinni fyrirtækjum sem starfa við *þjónustu* í Sundahöfn. Þetta er einnig lækkun í meðaleinkunn frá síðustu athugun en þá var lægsta meðaltalið 3,25 og tilheyrði *smásölu- og veitingafyrirtækjum*.

Hjá fyrirtækjum á jaðarsvæðum var lægsta meðaltalið að finna í atvinnugreininni *heild- og umboðssala*, að frátöldum flutningum sem aðeins innihélt eitt fyrirtæki, með meðaltalið 2,65 en það hæsta hjá fyrirtækjum í *iðnaði* með meðaleinkunnina 4,11.

Staðsetningin virðist því skipta meira máli hjá fyrirtækjum í Sundahöfn þegar tekið er saman vegið meðaltal beggja svæða.

Árið 2009 var ákveðið að bæta við spurningu sem snerist um staðsetningu viðskiptavina fyrirtækja. Spurt var hvort viðskiptavinir fyrirtækisins væru staðsettir innan eða utan hafnarsvæðisins. Niðurstöður þessara spurninga voru hinsvegar ekki teknar saman í skýrslunni það ár. Þrátt fyrir það var ákveðið að halda spurningunni á listanum og sjá hvaða niðurstöður hún gæfi. Forsvarsmenn beggja svæða svöruðu spurningunni og fáir sögðu viðskiptavinina alfarið vera innan hafnarsvæðisins, einungis tveir í Sundahöfn og fjórir á jaðarsvæðum. Á myndum 18 og 19 hér að neðan má sjá niðurstöður beggja svæða en fyrirtækin telja sig afgreiða samtals tæplega 9.500 viðskiptavini á dag.



MYND 18 – STAÐSETNING VIÐSKIPTAVINA SUNDAHAFNAR.



MYND 19 - STAÐSETNING VIÐSKIPTAVINA JAÐARSVÆÐA.

4.6 Framtíðarhorfur

Allar upplýsingar um varðandi framtíðarhorfur fyrirtækja á Sundahafnarsvæðinu eru mikilvægar og hjálpa oft til við ýmsa skipulags- og þróunarvinnu á svæðinu. Viðmælendur voru því beðnir um að svara því hverjar hugmyndir þeirra varðandi stærð athafnasvæðis fyrirtækisins væru og einnig hvort fyrirtækið stefndi á flutninga af hafnarsvæðinu. Flest fyrirtæki í Sundahöfn stefndu að því að halda athafnasvæði sínu óbreyttu, eða 77 fyrirtæki, en 23 fyrirtæki huguðu að stækkun þess og aðeins fjögur að minnkun. Þess má geta að nákvæmlega sami fjöldi hugði að stækkun við síðustu athugun árið 2014 en aðeins eitt hugði að minnkun. *Mynd 20* hér að neðan sýnir skiptingu svaranna þetta árið.



MYND 20 – SUNDAHÖFN – HUGAR FYRIRTÆKIÐ AÐ BREYTINGUM Á ATHAFNASVÆÐI ÞESS.

Sé horft yfir til jaðarsvæðanna voru skilin á milli eðlis breytinga ekki eins mikil. Svipaður fjöldi fyrirtækja hafði hugað að stækkun og höfðu hugað að minnkun eða sjö á móti fimm, í sömu röð, líkt og sjá má á *mynd 21*. Vekja má athygli á því að 22 fyrirtæki huguðu að stækkun við síðustu athugun árið 2014.

MYND 21 - JAÐARSVÆÐI – HUGAR FYRIRTÆKIÐ AÐ BREYTINGUM Á ATHAFNASVÆÐI ÞESS.

Fyrirtæki voru einnig spurð hvort þau höfðu hugað að flytja starfsemi sína annað á næstunni og hins vegar hvort þau vildu það. *Mynd 22* og *23* sýna svör fyrirtækja í Sundahöfn og á jaðarsvæðum en eins og sést á þeim eru langflestir, eða í kringum 85% á hvoru svæði um sig, ekki á þeim buxunum að yfirgefa svæðið. Þetta er smáeiginleg lækkun frá síðustu athugun árið 2014 þegar um 90% fyrirtækja hugðust ekki flytja. Samtals lýstu nú 16 fyrirtæki yfir vilja sínum að flytja af Sundahafnasvæðinu miðað við 12 árið 2014 en aðeins vildu 7 fyrirtæki, samanborið við 11 árið 2014, flytja sig af jaðarsvæðunum.



MYND 22 – SUNDAHÖFN – HUGAR FYRIRTÆKIÐ AÐ ÞVÍ AÐ FLYTJA STARFSEMINA ANNAÐ Á NÆSTUNNI?



MYND 23 - JAÐARSVÆÐI – HUGAR FYRIRTÆKIÐ AÐ ÞVÍ AÐ FLYTJA STARFSEMINA ANNAÐ Á NÆSTUNNI?

4.7 Bílastæði

Flest fyrirtæki á Sundahafnarsvæðinu telja næg bílastæði vera til staðar fyrir starfsemi sína. *Mynd 24* hér að neðan sýnir svör fyrirtækja þegar spurt var hvort núverandi bílastæðafjöldi væri fullnægjandi fyrir fyrirtækið.



MYND 24 – ERU NÆG BÍLASTÆÐI HJÁ FYRIRTÆKINU?

Í Sundahöfn telja 74% fyrirtækja sig hafa nægan fjölda bílastæða við húsnæði sitt og það sama á við um 80% fyrirtækja á jaðarsvæðum. Þess má til gamans geta að nákvæmlega sama hlutfall fyrirtækja í Sundahöfn töldu sig vera með næg bílastæði árið 2014 en eftirspurn fyrir bílastæðum virðist vera að aukast á jaðarsvæðunum vegna þess að 91% fyrirtækja svöruðu spurningunni játandi árið 2014, miðað við 80% að þessu sinni. Árið 2004 voru tölfræðilegar niðurstöður ekki teknar saman fyrir þessa spurningu þrátt fyrir að hún hafi verið lögð fyrir forsvarsmenn fyrirtækja í Sundahöfn. Hinsvegar kom fram í skýrslunni það ár að mikill

meirihluti teldi sig hafa næg bílastæði. Árið 2009 voru hlutföllin svipuð þar sem 83% fyrirtækja í Sundahöfn og 89% á jaðarsvæðum töldu bílastæði vera næg. Af þessum niðurstöðum má draga þá ályktun að almennt séu næg bílastæði á Sundahafnarsvæðinu.

5 Sérstakar athugasemdir

Í lok spurningalistans var fyrirtækjum boðið að koma á framfæri sérstökum athugasemdum til Faxaflóahafna sf. Sérstakar athugasemdir voru að þessu sinni einungis 37 athugasemdir frá þeim 177 fyrirtækjum sem tóku þátt.

5.1 Umferðatengingar

Viðmælendur voru beðnir um að lýsa því hvað þeim fyndist um umferðartengingar að Sundahöfn. Við vinnslu svaranna voru þau svör einungis talin með sem höfðu afgerandi skoðun í aðra hvora áttina, það er hlutlausum og auðum svörum var sleppt við samantekt.

Í Sundahöfn voru flestir, 33 viðmælendur eða um 52,4% af þeim sem höfðu skoðun, sem sögðust sáttir með umferðartengingarnar og höfðu ekkert út á þær að setja. Aðrir, 30 viðmælendur, gerðu athugasemdir við tengingarnar. Hjá fyrirtækjum á jaðarsvæðum var dreifingin talsvert ólík en 15 viðmælendur sögðu þær góðar og höfðu ekkert út á þær að setja og 31 töldu vankanta þar á og nefndu ýmis dæmi til útskýringar og rökstuðnings. Á jaðarsvæðinu er því hlutfall jákvæðra svara aðeins 32,6% og er því hægt að áætla að óánægja ríki á jaðarsvæðum varðandi umferðateningar að svæðunum en hægt er sjá niðurstöður betur í *töflu 6*. Hér fyrri neðan er vitnað í ágripamestu svörin sem bárust er tengdust umferðatengingum að Sundahöfn. Öll svörin í heild sinni er hægt að nálgast í *viðauka B* með sama tölunúmeri.

TAFLA 6 – ÁLIT FYRIRTÆKJA Á UMFERÐATENGINUM Í SUNDAHÖFN.

	2014		**2018**	
	Sundahöfn	**Jaðarsvæði**	**Sundahöfn**	**Jaðarsvæði**
Góð	47	43	33	15
Slæm	35	32	30	31
Hlutfall góðra svara	**57,3%**	**57,3%**	**52,4%**	**32,6%**

4) *„Þarf að lagfæra. Lengja að og fráreina t.d. Sæbraut/Holtavegur. Skoða lokun gatnamóta Sæbrautar og Súðavogar (álagtímar) og efla gatnamót Sæbraut/Kleppsmýrav./Seiðarvogur (lengri að og frá reinar, beygjuljós, fjölga akgreinum, hægri beygja Kleppsm.v. inn á Sæbraut, vinsti beygja Sæbraut inn á Kleppsmýra.v.“*

Holtavegi

12) *„Beygjuljósið inn á Sæbrautina þegar þú kemur upp Klettagarðana það kemst svona einn bíll á hverjum ljósum. Neðri tengingin er hins vegar mjög góð. Beygjan upp frá Klettakæli gerir ekki ráð fyrir löngum bílum. Þegar einn langur bíll keyrir götuna er hún troðfull, vantar beygjuakgrein. Getið séð það á grasinu. Mjög margt er frá Höfninni er hins vegar til fyrirmyndar. T.d. grasslátturinn.“*

Klettagörðum

24) *„Mættu vera betri af hafnarsvæði inná Sæbraut, bæði breiðari akreinar og lengri tími umferðarljósa.“*

Sundaborg

5.2 Umferðamál innan Sundahafnar

Viðmælendur voru spurðir hvað þeim fyndist um umferðarmál innan Sundahafnarsvæðisins og var meiri hluti fyrirtækja innan Sundahafnar, eða 59,0%, þeirrar skoðunar að þau væru í lagi og höfðu því ekkert út á þau að setja. Fyrirtækjum á jaðarsvæðum voru hlutfallslega ekki eins ánægð með umferðamál innan Sundahafnarsvæðisins með 55,3% jákvæða svörun í garð spurningarinnar. Það má því álykta að meirihluti forsvarsmanna fyrirtækja á Sundahafnarsvæðinu finnst umferðarmál innan svæðisins almennt vera í lagi. *Tafla 7* hér að neðan sýnir flokkun svara og samanburð frá síðustu athugun árið 2014. Vekja má athygli á því að árið 2014 voru hlutlausar athugasemdir flokkaðar með jákvæðum svörum, en það var ekki gert að þessu sinni.

TAFLA 7 – ÁLIT FYRIRTÆKJA Á UMFERÐ INNAN SUNDAHAFNARSVÆÐISINS.

	2014		**2018**	
	Sundahöfn	**Jaðarsvæði**	**Sundahöfn**	**Jaðarsvæði**
Góð	49	50	36	26
Slæm	30	19	25	21
Hlutfall góðra svara	**62,0%**	**72,5%**	**59,0%**	**55,3%**

Hér fyrri neðan er vitnað í ágripamestu svörin sem bárust er tengdust umferð innan Sundahafnarsvæðisins. Öll svörin í heild sinni er hægt að nálgast í *viðauka B* með sama tölunúmeri.

38) *„Viðhald gatna er alveg lélegt. Vatnagarðar eru nánast ófærir í rigningu, standa undir nafni. Versta gata bæjarins, búið að vera eitthvað að niðurföllunum í mörg herrans ár. Valt bíll á þráðbeinum veginum fyrir nokkrum árum.“*

Klettagörðum

41) *„Umferðahraði á stórum flutningabílum er mjög mikill á þessum stöðum. Beygjan upp hjá Eimskip og Olís er keyrð alltof hratt. Alveg merkilegt hvað sumir geta keyrt hana hratt.“*

Köllunarklettsvegi

48) *„Fáránleg gatnamótin hjá Holtagörðum. Erum að tala um aukaljósin. Svo komin bílaleiga hérna uppi líka sem gerir þetta allt mikið erfiðara og meiri traffic.“*

Skútuvogi, jaðarsvæði

57) *„Flutningabílar keyra frekar hratt hér. Ef maður ekur neðri leiðina að Holtagörðum þar getur verið rosalega mikil og þétt umferð á milli 16-18, þá sérstaklega vegna flutningabíla.“*

Sundagörðum

62) *„Alltof mikill hraði í Vatnagörðum. Það er 50 km/h hámarkshraði en það virðir það enginn. Hvorki flutninga né fólksbílar. Þrífa meira götuna.“*

Vatnagörðum

5.3 Almenningssamgöngur á Sundahafnarsvæðinu

Þegar forsvarsmenn fyrirtækja árið 2018 voru spurðir hvað þeim þætti um almenningssamgöngur í Sundahöfn og hvort þörf væri á að bæta þær sögðust langflestir ekki þekkja til þeirra. Hins vegar, af þeim sem tóku afstöðu, voru 55,9% forsvarsmanna í Sundahöfn sem þóttu úrbætur þarfar á móti 44,1% sem töldu þær fullnægjandi. Í *töflu 8* hér að neðan má sjá svör fyrirtækjanna í heild sinni. Einungis voru þau svör talin sem þóttu hafa afstöðu og hlutlausum svörum því sleppt.

TAFLA 8 – ÁLIT FORSVARSMANNA HVORT ÞÖRF VÆRI Á BETRI ALMENNINGSSAMGÖNGUM Í SUNDAHÖFN.

	2014		**2018**	
	Sundahöfn	**Jaðarsvæði**	**Sundahöfn**	**Jaðarsvæði**
Já	17	12	19	14
Nei	23	21	15	15
Hlutfall jákvæðra svara	**42,5%**	**36,4%**	**55,9%**	**48,3%**

63) *„Já gatnamótin Sundaborg, upp frá Gámavellinu hjá Eimskip.“*

Brúargötu

64) *„Það er þörf á betri alm.samg. í Reykjavík þ.m.t. Sundahöfn“*

Héðinsgötu

70) *„Sé ekki ástæðu fyrir því að fleiri tómir vagnar keyri þarna. Fólk missti af lestinni fyrir 30 árum að hafa frítt í strætó.“*

Klettagörðum

76) *„Já, versnar með hverri breytingu. Erfitt að komast hingað frá öðrum bæjarhlutum. Svæðið sem atvinnusvæði mjög illa tengt. Tengingar raskast á álagstímum. Of lengi að ferðast með strætó tímalega séð. 7:20 - 8:05 (45 mín) að fara á móti 10 mín á bíl.“*

Skútuvogi, Sundahöfn

5.4 Aðgengi hjólandi og gangandi vegfarenda

Árið 2010 samþykkti Reykjavíkurborg að efla hjólreiðar í borginni með sérstakri hjólreiðaáætlun. Áætlunin felur í sér að efla aðstöðu til hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu og hvetja þar með borgarbúa til þess fara ferða sinna hjólandi (Reykjavíkurborg, 2010). Hjólreiðamenn eru síðustu ár orðnir algengari sjón og var því áhugavert að sjá hvernig aðstaðan til hjólreiða á Sundahafnarsvæðinu væri og hvort þörf er á úrbótum. Forsvarsmenn fyrirtækja í Sundahöfn og á jaðarsvæðum voru því spurðir hvort þörf væri á úrbótum á aðgengi hjólandi og gangandi vegfarenda á Sundahafnarsvæðinu.

Alls töldu 18 í Sundahöfn og 13 á jaðarsvæði eða samtals 31 vera þörf á úrbótum en samtals 29 sögðust svo ekki vera. Það er því tæpur meirihluti sem kallar eftir úrbætum eða 51.7%, sem er smáeiginleg hækkun frá síðustu athugun árið 2014. Í *töflu 9* hér að neðan má sjá skiptinguna nánar en vekja má athygli á að svörunum frá bæði Sundahöfn og jaðarsvæðum var skeytt saman fyrir þessa spurningu árið 2014.

TAFLA 9 – ÁLIT FORSVARSMANNA HVORT ÞÖRF VÆRI Á BETRA AÐGENGI HJÓLANDI OG GANGADI VEGFARENDA.

	2014	**2018**	
	Sundahöfn & Jaðarsvæði	**Sundahöfn**	**Jaðarsvæði**
Já	63	18	13
Nei	66	16	13
Hlutfall jákvæðra svara	**48.8%**	**52,9%**	**50,0%**

Hér fyrri neðan er vitnað í ágripamestu svörin sem bárust þegar spurt var hvort þörf væri á betra aðgengi hjólandi og gangandi vegfarenda. Öll svörin í heild sinni er hægt að nálgast í *viðauka B* með sama tölunúmeri.

83) „Eins og staðan er í dag já. Þá mun umferð gangandi og hjólandi vaxa með tilkomu íbúðabyggðar við Elliðavog. Eðlilegt væri að gera brú eða göng undir Sæbraut við Holtaveg og Skeiðarvog.“

Holtavegi

89) „Reiðhjól verður aldrei raunhæfur möguleiki í því veðurfari sem ríkir hér á landi. Mátt ekki fara nær reiðhjólum en 1.5m þegar þau lög koma í gildi.“

Klettagörðum

90) „Mikið er um hjólandi vegfarendur í þröngu gatnakerfi þar sem hjólastígur við Elliðaárbotna endar og byrjar ekki að nýju fyrr en við Laugarnes. Oft á tíðum er áberandi að hjólreiðamenn sem ekki þekkja aðstæður eru að leita niður í Sundarhafnarhverfið af hjólastígum í stað þess að fara upp fyrir Sæbraut.“

Klettagörðum

97) „Skútuvoginum; tengingin í gegnum Sundahverfið fyrir hjólandi er ekki nógu góð. Menn hjóla á götunum við mismunandi skilyrði. Dautt svæði frá Dugguvoginum og við Klepp, einskinsmannsland. Mætti verulega bæta hjólasamgöngurnar. Súðavogur og Skútuvogur hjólar úti í umferðinni -> hættulegt.“

Skútuvogi, Sundahöfn

5.5 Þróun atvinnuuppbyggingar í Sundahöfn

Mikil þróun hefur átt sér stað á svæðinu og fyrirtæki voru því spurð hvað þeim þætti um þá atvinnuþróun sem hefur átt sér stað á svæðinu og var meirihluti svaranna, sem ekki voru hlutlaus, jákvæð. Sama spurning var spurð þegar könnunin var framkvæmd síðast árið 2014 en svörin ekki tekin saman sérstaklega en var þó tekið fram að samtals 13 viðmælendur töldu þróunina jákvæða. Í *töflu 10* hér að neðan má sjá sundurliðun svaranna nú árið 2018.

TAFLA 10 – VIÐHORF FYRIRTÆKJA TIL ATVINNUÞRÓUNNAR Í SUNDAHÖFN.

	2018	
	Sundahöfn	**Jaðarsvæði**
Jákvæð	10	10
Neikvæð	7	5
Hlutfall jákvæðra svara	**58,8%**	**66,7%**

Hér fyrri neðan er vitnað í ágripamestu svörin sem bárust þegar spurt var um atvinnuþróun í Sundahöfn. Öll svörin í heild sinni er hægt að nálgast í *viðauka B* með sama tölunúmeri.

106) „Svæðið, sér í lagi syðri hluti (frá Holtagörðum að Húsasmiðju) munu í framtíðinni geta þjónað (verslun, þjónusta) nýrri byggð við Elliðvog (Vogabyggð, Bryggjuhverfi og Höfða).“

Holtavegi

112) „Þróunin er góð, skemmtileg blanda af iðnaði, vöruhúsum, flutningum og þjónustu, það þarf samt að gæta þess að láta ekki léttari starfsemi (ferðamenn, verslun og þjónustu) vaxa of mikið á kostnað iðnaðar og vöruhúsa og flutninga.“

Klettagörðum

124) „Helst viljað sjá atvinnuuppbyggingu á þessu svæði. Miður að það sé verið að rífa iðnaðarhúsnæði og byggja íbúðarhúsnæði. Það átti að halda áfram atvinnuuppbyggingu á þessu svæði, miðsvæðis í Reykjavík.“

Skútuvogi, jaðarsvæði

129) „Að það eigi að skilyrða hvers lags atvinnustarfsemi sé innan svæðisins. Bílaverkstæði og slíkur iðnaður á illa heima innan um innflutningsfyrirtæki.“

Skútuvogi, Sundahöfn

6 Athugasemdir til Faxaflóahafna sf.

Að loknum spurningalistanum gefst viðmælendum tækifæri á að koma sérstökum athugasemdum áleiðis til Faxaflóahafna. Að þessu sinni voru aðeins 37 athugasemdir til Faxaflóahafna frá þeim 177 fyrirtækjum sem svöruðu spurningalistanum. Þar var Hringrás oftast nefnd, eða 5 sinnum, og höfðu atvinnurekendur áhyggjur af fnyk og óhreinlæti sem sú starfsemi bæri með sér. Hér fyrir neðan eru ágripamestu athugasemdirnar teknar saman en þær má í heild sinni nálgast í *viðauka C*.

4) „Mjög aðkallandi athugasemdir sem þarf að koma í farveg ef við berum ábyrgð ! Barkarvogurinn er notaður sem Kvartmílubraut og það er grindverk Samskipsmegin sem heldur engu þar sem þeir grófu sig mikið niður og fallhætta mikil. Ef til kæmi slys á þessum stað gæti það farið mjög illa. Við lóðamörkin vantar beinlínis girðingu og þar er sama upp á teningnum hvað varðar fallhættu. Annars mætti einnig bæta götulýsingu en í vetur kom fyrir að slökkt væri á henni og hún fór seint í gang, menn mæta til starfa kl. 05:30. Einnig er annað sem kannski lítið hægt að gera í þegar menn af fraktskipum setjast á bekki við fyrirtækið og drekka.“

Kjalarvogi

6) „Helvítis ruslahaugarnir (Hringrás). Meira og minna orðið matvælastarfsemi hér í kring. Skelfilegt að hafa svona ruslahauga í götunni. Það hefur 2-3x kviknað í þar sem getur verið tjón fyrir mig.“

Klettagörðum

8) „Ég er ánægður með Faxaflóahafnir og hef engu að kvarta. Hef gaman að þessum skemmtiferðaskipum sem eru fyrir utan gluggan minn og snúa ýmist í suður eða vestur.“

Köllunarklettsvegi

7 Umræða

Niðurstöður þessarar könnunar á Sundahöfn árið 2014 leiðir í ljós að mikil þróun á sér stað hjá fyrirtækjum á Sundahafnarsvæðinu, og þá sérstaklega á jaðarsvæðum. Það er því mikilvægt að halda áfram að framkvæma svona könnun í framtíðinni og sjá þannig þróunina yfir mun lengra tímabil en 20 ár.

Eins og með margt annað má stöðugt bæta spurningalistann og framkvæmd könnunarinnar. Ef til vill væri hentugara að framkvæma hana að vetri til þar sem mikið er um frí hjá starfsfólki fyrirtækja á sumrin. Minni hætta væri þá á því að fyrirtæki tækju ekki þátt í könnuninni og myndi það auðvelda eftirfylgni.

8 Samantekt

Sumarið 2018 var í sjötta sinn framkvæmd könnun á atvinnustarfsemi í Gömlu höfninni. Alls tóku forsvarsmenn 177 fyrirtækja þátt í henni með því að svara stöðluðum spurningum er varða fyrirtækið og ýmis önnur málefni. Árið 2013 voru fyrirtækin 201 talsins og fjórtán árum áður aðeins 122. Fjölgunin er því rúmlega 45% á fjórtán árum. Árið 2004 var fyrirtækjum á jaðarsvæðum bætt við könnunina og útskýrir það að einhverju leiti þá hækkun sem verður í fjölda fyrirtækja það árið en *tafla 11* hér fyrir neðan sýnir þróun í fjölda fyrirtækja í Sundahöfn að viðbættum jaðarsvæðum. Verðugt er að benda á að árið 2014 og 2018 eru fyrirtæki talin með sem ekki höfðu tök á að taka þátt í könnuninni að svo stöddu en voru hins vegar með augljósa atvinnustarfsemi á svæðinu.

TAFLA 11 – FJÖLDI FYRIRTÆKJA Á SUNDAHAFNASVÆÐINU.

	1994	**1998**	**2004**	**2009**	**2014**	**2018**
Fjöldi fyrirtækja	52	78	122	171	201	204

Þegar fyrirtækjum var skipt niður eftir flokkunarlykli kom í ljós að flest fyrirtækin í Sundahöfn og jaðarsvæðum hennar störfuðu í *heild- og umboðssölu*, eða 51 fyrirtæki. Fámennasti flokkurinn er flutningar með 10 fyrirtæki en hann er engu að síður sá umfangsmesti, en tvö stærstu fyrirtækin á svæðinu heyra undir þennan flokk. Í töflu 12 hér fyrir neðan má sjá þróun í fjölda fyrirtækja eftir atvinnugreinum. Verðugt er að taka fram mismun í fjölda fyrirtækja árið 2018 í töflu *12 og 13* en í þeirri síðarnefndu er aðeins þau fyrirtæki sem svöruðu spurningalistanum.

TAFLA 12 – FJÖLDI FYRIRTÆKJA EFTIR ATVINNUGREINUM.

	2004	2009	2014	2018
Annað	1	13 (+12)	14 (+1)	18 (+4)
Ferðaþjónusta	0	0 (+0)	0 (+0)	13 (+13)
Geymslur	1	9 (+8)	6 (-3)	2 (-4)
Heild- og umboðssala	52	70 (+18)	65 (-5)	51 (-14)
Iðnaður	12	21 (+9)	27 (+6)	22 (-5)
Flutningar	10	7 (-3)	5 (-2)	10 (+5)
Smásala og veitingar	11	19 (+8)	24 (+5)	15 (-9)
Þjónusta	35	32 (-3)	60 (+28)	46 (-14)
Samtals	122	171 (+49)	201 (+30)	177 (-24)

Fjöldi starfsmanna í fullu starfi í Sundahöfn og nærliggjandi jaðarsvæðum taldi nú 4.089 starfsmenn, þar sem sjómenn, verktakar og starfsmenn í óreglulegum hlutastörfum eru ekki taldir með en þeir síðast nefndu telja 2.005 til viðbótar. Þá var kynjahlutfall kannað og reyndist rúmlega þriðjungur starfsaflans vera samansettur af konum, eða 32,5%. *Tafla 13* sýnir þróun í fjölda starfsmanna í fullu starfi í heild sinni.

TAFLA 13 – FJÖLDI STARFSMANNA Í SUNDAHÖFN OG Á JAÐARSVÆÐUM.

	1994	2004	2009	2014	2018
Fjöldi starfsmanna	986	3.055 (+310%)	3.695 (+121%)	3.436 (+93%)	4.089 (+119%)

Athygli vakti að aðeins einn flokkur, sem inniheldur aðeins 10 fyrirtæki af 177, ræður rúmlega fjórðung allra starfsmanna eða 1.157. Þetta ræðst, eins og áður hefur komið fram, af stærð fyrirtækjanna sem falla undir þennan flokk. *Tafla 14* hér að neðan sýnir fjölda starfsmanna í fullu starfi eftir atvinnugreinum.

TAFLA 14 – FJÖLDI STARFSMANNA EFTIR ATVINNUGREINUM.

	2009	Hlutfall 2009	2014	Hlutfall 2014	2018	Hlutfall 2018
Fiskvinnsla og útgerð	0	0%	0	0%	0	0%
Iðnaður	195	5%	361	10%	309	8%
Þjónusta	814	22%	985	29%	397	10%
Smásala og veitingar	547	15%	354	10%	308	8%
Heild- og umboðssala	801	22%	665	19%	1.039	25%
Geymslur	218	6%	194	6%	98	2%
Flutningar	1.064	29%	814	24%	1.157	28%
Ferðaþjónusta	0	0%	0	0%	577	14%
Annað	56	2%	64	2%	204	5%
Samtals	3695	100%	3436	100%	4.089	100%

Húsnæðisnotkun og eignarhald þess var einnig skoðað og kom í ljós að 129 fyrirtæki voru í leiguhúsnæði og 48 í eigin húsnæði, eða 27,1% fyrirtækja. Það er til dæmis hærra en sama hlutfall í Gömlu höfninni, þar sem hlutfall fyrirtækja í eigin húsnæði er 19,4%. Þá voru langflest fyrirtækjanna í húsnæði sem var stærra eða jafnt og 1000 m^2, eða 32,8%. Hlutfall fyrirtækja í eigin húsnæði hafði aldrei verið lægra árið 2009 en það munar ekki miklu á hlutföllunum að þessu sinni, þó það haldist aðeins hærra en var árið 2009. *Tafla 15* sýnir fjölda fyrirtækja í eigin og leiguhúsnæði þetta árið.

TAFLA 15 – FJÖLDI FYRIRTÆKJA EFTIR EIGNARHALDI HÚSNÆÐIS.

	2018	
	Eigið húsnæði	**Leiguhúsnæði**
Fjöldi fyrirtækja	48	129

Viðmælendur voru beðnir að lýsa mikilvægi staðsetningarinnar á skalanum 1 til 5 þar sem 5 stóð fyrir *mjög mikilvæg* og 1 fyrir *alls ekki mikilvæg*. Óhætt er að segja að fyrirtækjum í Sundahöfn og jaðarsvæðum þyki staðsetningin í Sundahöfn almennt mikilvæg þar sem meðaltalið fyrir bæði svæði er 3,2, sem er vel yfir miðgildinu. Samtals 55 fyrirtæki merktu við neðri hluta skalans, á milli 1 og 2, sem er tæpur þriðjungur eða 30,0%. Í *töflu 16* hér fyrir neðan má sjá þróun meðaleinkunna, sundurlið eftir svæði.

TAFLA 16 – MIKILVÆGI STAÐSETNINGAR SKV. FYRIRTÆKJUM Í SUNDAHÖFN OG JAÐARSVÆÐUM.

	2009	2014	2018
Meðaleinkunn Sundahöfn	3,37	3,77	3,30
Meðaleinkunn Jaðarsvæðum	3,21	2,98	3,07

Fyrirtæki voru spurð út í framtíðarhorfur, þá hvort að stækkun eða minnkun á athafnasvæði þess væri í kortunum. Samtals 138 fyrirtæki hugðust halda athafnasvæði sínu óbreyttu, sem er fækkun um tvö fyrirtæki frá árinu 2014, og 9 fyrirtæki hugðust minnka við sig. *Tafla 17* hér fyrir neðan sýnir samanlagðar niðurstöður beggja svæða og samanburð við fyrri ár.

TAFLA 17 – FRAMTÍÐARHORFUR FYRIRTÆKJA Á SUNDAHAFNARSVÆÐINU.

	2014	2018
Minnkun	1	9
Stækkun	45	30
Óbreytt	140	138

Fleiri höfðu hugað að því að flytja starfsemina en áður en jafn margir lýstu yfir vilja til að flytja starfsemina og áður. Fyrirtæki sem hugðust flytja voru 26 og 23 vildu flytja samanborið við 14 og 23, í sömu röð, síðast þegar könnunin var framkvæmd. Ástæður þeirra sem stefndu að hvoru tveggja, voru ýmiss konar. Athygli vakti að 15 af þeim 26 sem ætla að flytja vilja það ekki og að sama skapi eru 12 sem ekki ætla að flytja en vilja það þó. *Tafla 18* sýnir niðurstöður bornar saman við fyrra rannsóknarár.

TAFLA 18 – HAFA FORSVARSMENN FYRIRTÆKISINS HUGAÐ AÐ FLUTNINGUM AF SUNDAHAFNASVÆÐINU?

	Flytja		Vilja	
	2014	2018	2014	2018
Já	14	26	23	23
Nei	167	151	162	154

Viðmælendur voru m.a. spurðir um umferðatengingar að Sundahöfn og var meirihluti ánægður með þær eða 48 viðmælendur, miðað við 90 við síðustu athugun árið 2014.

Viðmælendur voru einnig spurðir út í skoðanir sínar á umferðarmálum innan Sundahafnar og var meirihluti svaranna jákvæður eða 62 svör, en það er heldur lægra hlutfall en við fengum að sjá árið 2014 þegar 66,9% viðmælenda voru ánægðir með umferðina innan Sundahafnar. *Tafla 19* sýnir niðurstöður bornar saman við niðurstöður fyrri ára. Að lokum er þó verðugt að nefna að árið 2014 voru hlutlaus svör talin til jákvæðra svara, og líklegt þykir að það orsaki þessar gríðarlega háu tölur árið 2014 og það sama á við um umferð innan Sundahafnar.

TAFLA 19 – VIÐHORF TIL UMFERÐAR Í OG AÐ SUNDAHÖFN.

	Umferðartengingar		Umferðar innan Sundahafnar	
	2014	**2018**	**2014**	**2018**
Góð	90	48	99	62
Slæm	67	32	49	46
Hlutfall jákvæðra svara	**57,3%**	**60,0%**	**66,9%**	**57,4%**

Þá voru viðmælendur einnig spurðir út í almenningssamgöngur í og að Sundahöfn, og hvort þörf væri á að bæta þær. Athygli vakti að hlutfall jákvæðra svara hækkaði verulega og fjöldi þeirra líka, þó að fyrirtæki sem svöruðu spurningalistanum í ár hafi verið færri en við síðustu athugun árið 2014. *Tafla 20* hér fyrir neðan sýnir samanburð og svörun milli ára.

TAFLA 20 – ER ÞÖRF Á BETRI ALMENNINGSSAMGÖNGUM Í OG AÐ SUNDAHÖFN?

	2014	**2018**
Já	29	33
Nei	44	30
Hlutfall jákvæðra svara	**39,7 %**	**52,4%**

Viðmælendur voru einnig spurðir hverjar skoðunar þeir væru á hjólandi og gangandi vegfarendum og þá helst hvort þörf væri á að bæta aðgengi þeirra. Athygli vakti að mun færri höfðu skoðun á þessu málefni nú en við síðustu athugun árið 2014, eða rúmlega helmingi færri. Hlutfall jákvæðra svara helst þó engu að síður nokkuð óbreytt milli kannana. Niðurstöðurnar og samanburð má sjá í *töflu 21*.

TAFLA 21 – ER ÞÖRF Á BÆTTU AÐGENGI HJÓLANDI OG GANGANDI VEGFARENDA?

	2014	**2018**
Já	63	31
Nei	66	29
Hlutfall jákvæðra svara	**48.8%**	**51,7%**

Viðmælendur voru þar að auki spurðir út í viðhorf þeirra til atvinnuþróunar í Sundahöfninni. Þótti spurningin ákallandi enda miklar færslur orðið á atvinnugreinum í Sundahöfn síðast liðin ár, en þróunin virðist að mestu falla í góðan farveg hjá atvinnurekendum á svæðinu eins og sjá má í *töflu 22* hér fyrir neðan.

TAFLA 22 – VIÐHORF FYRIRTÆKJA TIL ATVINNUÞRÓUNAR Í SUNDAHÖFN.

	2018	
	Sundahöfn	**Jaðarsvæði**
Jákvæð	10	10
Neikvæð	7	5
Hlutfall jákvæðra svara	**58,8%**	**66,7%**

Að lokum gafst viðmælendum kostur á að koma athugasemdum á framfæri til Faxaflóahafna og má lesa þær, hverja fyrir sig, í viðauka C. Nokkuð bar á kvörtunum vegna starfsemi Hringrásar, alls 5, annars voru athugasemdir almennt fjölbreyttar og því engin nógu ákallandi til að vera sérstaklega tekin fram hér.

9 Myndaskrá

Mynd 1 – Svæði Sundahafnar afmarkað með rauðri línu. Umrædd jaðarsvæði afmarkast á milli Sæbrautar og rauðu línunnar. 7
Mynd 2 – Fjöldi fyrirtækja í Sundahöfn. 8
Mynd 3 – Hlutdeild fyrirtækja eftir atvinnugreinum í Sundahöfn 2018. 9
Mynd 4 – Fyrirtæki eftir atvinnugreinum í Sundahöfn. 9
Mynd 5 – Fjöldi fyrirtækja á jaðarsvæði. 10
Mynd 6 – Hlutdeild fyrirtækja eftir atvinnugreinum á jaðarsvæðum 2018. 11
Mynd 7 – Fyrirtæki eftir atvinnugreinum á jaðarsvæði. 12
Mynd 8 – Fjöldi starfsmanna í Sundahöfn. 13
Mynd 9 – Fjöldi starfsmanna í Sundahöfn eftir atvinnugreinum. 14
Mynd 10 – Fjöldi starfsamanna á jaðarsvæði. 15
Mynd 11 – Fjöldi starfsmanna á jaðarsvæði eftir atvinnugreinum. 16
Mynd 12 – Eignarhald húsnæðis fyrirtækja í Sundahöfn. 17
Mynd 13 – Eignarhald húsnæðis fyrirtækja á jaðarsvæðum. 17
Mynd 14 – Eignarhald húsnæðis fyrirtækja í Sundahöfn m.v. stærð. 18
Mynd 15 - Eignarhald húsnæðis fyrirtækja á jaðarsvæði. 19
Mynd 16 – Nýting fyrirtækja í Sundahöfn á vöruhóteli. 20
Mynd 17 - Nýting fyrirtækja í Sundahöfn á vöruhóteli. 20
Mynd 18 – Staðsetning viðskiptavina Sundahafnar. 22
Mynd 19 - Staðsetning viðskiptavina jaðarsvæða. 23
Mynd 20 – Sundahöfn – Hugar fyrirtækið að breytingum á athafnasvæði þess. 23
Mynd 21 - Jaðarsvæði – Hugar fyrirtækið að breytingum á athafnasvæði þess. 24
Mynd 22 – Sundahöfn – Hugar fyrirtækið að því að flytja starfsemina annað á næstunni? 24
Mynd 23 - Jaðarsvæði – Hugar fyrirtækið að því að flytja starfsemina annað á næstunni? 25
Mynd 24 – Eru næg bílastæði hjá fyrirtækinu? 25

10 Töfluskrá

Tafla 1 – Kynjahlutföll starfsmanna í Sundahöfn. 13
Tafla 2 – Kynjahlutföll starfsmanna á jaðarsvæði. 15
Tafla 3 – Samtals fermetrar af fasteignum í Sundahöfn og á jaðarsvæðum. 16
Tafla 4 – Mikilvægi staðsetningar fyrirtækja í Sundahöfn flokkuð eftir atvinnugreinum. 21
Tafla 5 – Mikilvægi staðsetningar fyrirtækja á jaðarsvæðum flokkuð eftir atvinnugreinum. 21
Tafla 6 – Álit fyrirtækja á umferðatenginum í Sundahöfn. 26

Tafla 7 – Álit fyrirtækja á umferð innan Sundahafnarsvæðisins. 27
Tafla 8 – Álit forsvarsmanna hvort þörf væri á betri almenningssamgöngum í Sundahöfn. ... 28
Tafla 9 – Álit forsvarsmanna hvort þörf væri á betra aðgengi hjólandi og gangandi vegfarenda. 29
Tafla 10 – Viðhorf fyrirtækja til atvinnuþróunnar í Sundahöfn. 29
Tafla 11 – Fjöldi fyrirtækja á Sundahafnasvæðinu. 31
Tafla 12 – Fjöldi fyrirtækja eftir atvinnugreinum. 32
Tafla 13 – Fjöldi starfsmanna í Sundahöfn og á jaðarsvæðum. 32
Tafla 14 – Fjöldi starfsmanna eftir atvinnugreinum. 33
Tafla 15 – Fjöldi fyrirtækja eftir eignarhaldi húsnæðis. 33
Tafla 16 – Mikilvægi staðsetningar skv. fyrirtækjum í Sundahöfn og jaðarsvæðum. 34
Tafla 17 – Framtíðarhorfur fyrirtækja á Sundahafnarsvæðinu. 34
Tafla 18 – Hafa forsvarsmenn fyrirtækisins hugað að flutningum af Sundahafnasvæðinu? ... 34
Tafla 19 – Viðhorf til umferðar í og að Sundahöfn. 35
Tafla 20 – Er þörf á betri almenningssamgöngum í og að Sundahöfn? 35
Tafla 21 – Er þörf á bættu aðgengi hjólandi og gangandi vegfarenda? 35
Tafla 22 – Viðhorf fyrirtækja til atvinnuþróunar í Sundahöfn. 35

11 Heimildaskrá

Axel Hall og Gylfi Magnússon (2001). *Reykjavíkurhöfn; Efnahagslegt vægi og umhverfi.* (Skýrsla til Reykjavíkurhafnar). Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Gísli Gíslason (2011). *Sundahöfn; Skipulag og starfsemi.* Faxaflóahafnir sf.

Gunnlaugur Einarsson (2004). *Atvinnustarfsemi í Sundahöfn og jaðarsvæðum.* Reykjavíkurhöfn.

Jón Þorvaldsson (1997). *Makaskipti lands, lóða og húseigna milli hafnarsjóðs og borgarsjóðs.* Reykjavíkurhöfn.

Jón Þorvaldsson, munnleg heimild, 26. ágúst 2014.

Sigríður Kr. Kristþórsdóttir (2009). *Atvinnustarfsemi í Sundahöfn.* Faxaflóahafnir sf.

Viðauki A

1 Sjávarútvegur og tengd starfsemi

1.1 Fiskvinnsla og útgerð

1.2 Útgerð

1.3 Fiskvinnsla

1.3.1 Fiskverkun

1.3.2 Harðfiskverkun

1.3.3 Lýsis- og fiskmjölframleiðsla

1.3.4 Fiskreyking

2 Iðnaður

2.1 Skipasmíðar eða skipaviðgerðir

2.1.1 Skipasmíðar

2.1.2 Skipaviðgerðir

2.2 Smíðar

2.2.1 Trésmíðaverkstæði

2.2.2 Húsaviðhald

2.2.3 Plastsmíðar

2.3 Pípulagnir

2.4 Rafiðnaður

2.4.1 Rafþjónusta við skip og fleira

2.4.2 Eftirlitsstarfsemi í rafiðnaði

2.5 Málarar

2.6 Prentiðnaður

2.6.1 Blaðaútgáfa

2.6.2 Bókaútgáfa

2.7 Hátækniiðnaður

2.7.1 Kafbátagerð

2.7.2 Teiknimyndagerð

2.7.3 Tölvuleikjagerð

2.7.4 Hugbúnaðarfyrirtæki

2.7.5 Tölvufyrirtæki

2.8 Vefnaðariðnaður

2.8.1 Seglagerð

2.9 Ýmis hönnun

2.10 Matvælaiðnaður

3 Þjónusta

3.1 Sérhæfð þjónusta við sjávarútveg

3.1.1 Löndunarþjónusta

3.1.2 Þjónusta við skipavélar, skipavarahluti, spilkerfi

3.1.3 Siglingatækja- og fiskleitartækjaþjónusta

3.1.4 Hafrannsóknir

3.1.5 Veiðarfæraviðgerðir

3.1.6 Skipamiðlun

3.1.7 Kvótamiðlun
3.1.8 Skipaskoðun og eftirlit
3.1.9 Skipateikningar
3.1.10 Veiðafæragerð
3.1.11 Beitningar
3.1.12 Klasastarfsemi
3.1.13 Þjónusta við fiskafurðir
3.1.14 Þjónusta við öryggismál tengd sjávarútvegi
3.2 Viðgerða- og viðhaldsþjónusta
3.2.1 Vélar og varahlutir
3.2.2 Bílaviðgerðir
3.2.3 Hjólbarðar
3.2.4 Bifreiðaskoðun
3.2.5 Ýmis önnur viðgerðaþjónusta
3.3 Þjónusta við byggingariðnað
3.3.1 Arkitektar
3.3.2 Byggingaeftirlit
3.3.3 Kranaleiga
3.4 Sérfræðiþjónusta
3.4.1 Ráðningaþjónusta
3.4.2 Sálfræðiþjónusta
3.4.3 Lögfræðiþjónusta
3.4.4 Ráðgjafaþjónusta
3.4.5 Bókhaldsþjónusta
3.4.6 Öryggisþjónusta
3.5 Ferðaþjónusta
3.5.1 Ferðaskrifstofa
3.5.2 Hvalaskoðun ásamt öðrum ferðum
3.5.3 Bílaleiga
3.6 Olíufélög
3.6.1 Olíurannsóknarstofa
3.7 Opinber þjónusta
3.7.1 Mynjavernd
3.7.2 Björgunarsveit
3.7.3 Félagsleg þjónusta/utangarðsmenn
3.7.4 Félagasamtök
3.7.5 Faxaflóahafnir, Bækistöð
3.7.6 Landhelgisgæslan
3.7.7 Slysavarnarskóli
3.7.8 Ferðamálastofa
3.8 Póstþjónusta
3.9 Bílaþvottastöð
3.10 Viðburðastjórnun
4 Verslun, smásala og veitingar

4.1 Matvöruverslun
4.2 Sérvöruverslun
4.3 Veitingastaður
4.3.1 Veisluþjónusta

5 Verslun, heild- og umboðssala

5.1 Innflutningur véla, tækja og varahluta t.d fyrir skip
5.2 Innflutningur og sala á rekstrarvörum
5.3 Heildverslun með veiðarfæri og fiskvinnsluvélar
5.4 Sérvöru innflutningur og heildsala
5.5 Bílasala
5.6 Fisksala, útflutningur eða innanlandssala
5.6.1 Fiskmarkaður
5.6.2 Fiskútflutningur
5.6.3 Fisksala innanlands
5.6.4 Fisksala innanlands og utan

6 Geymslur

6.1 Verbúð – geymsla veiðafæra og slíks
6.2 Búslóðargeymslur
6.3 Vöruhús

7 Flutningar

7.1 Flutningur á landi

8 Annað

8.1 Listamenn
8.1.1 Málari
8.1.2 Ljósmyndari
8.1.3 Tónlist og leiklist
8.1.3.1 Tónlistarþróunarmiðstöð
8.1.3.2 Tónlistarkennsla
8.1.3.3 Tónlistarmaður
8.1.4 Kvikmyndagerðamaður/fyrirtæki
8.2 Hljóð og myndlausnir
8.3 Sjónvarpsstöð
8.4 Safn
8.5 Auglýsingastofa
8.6 Fasteignir
8.6.1 Fasteignaþróunarfélag
8.6.2 Fasteignaútleiga
8.6.3 Fasteignafélag
8.7 Almannatengsl
8.8 Íþróttastarfsemi

Viðauki B

1 Umferðatengingar að Sundahöfn

1.1 Brúarvogur

9) „Umferðin er þung um Sæbraut á morgnanna og seinnipart.“

1.2 Héðinsgötu

10) „Umferðamálin í Reykjavík eru bara í rusli. Kominn tími á að hugsa um þessi 4% sem keyra um.“

1.3 Holtagörðum

11) „Mjög léleg.“

1.4 Holtavegi

12) „Þarf að lagfæra. Lengja að og fráreina t.d. Sæbraut/Holtavegur. Skoða lokun gatnamóta Sæbrautar og Súðavogar (álagtímar) og efla gatnamót Sæbraut/Kleppsmýrav./Seiðarvogur (lengri að og frá reinar, beygjuljós, fjölga akgreinum, hægri beygja Kleppsm.v. inn á Sæbraut, vinsti beygja Sæbraut inn á Kleppsmýra.v.“

13) „Myndast oft teppa.“

14) „Léleg gatnamót.“

1.5 Kjalarvogi

15) „Við erum staðsett í Kjalarvogi/ Holtabakki og því ætta að bæta þeim valkosti við könnunina.“

16) „Ekki góðar, ekki með umferðarþungann og flutninga.“

1.6 Klettagörðum

17) „Þröngar og ekki gerðar fyrir stór tæki.“

18) „Ekki góðar, helst mikilli traffík um að kenna.“

19) „Sæbrautin er að verða skelfilega, borgarumferðin gjörsmalega galin.“

20) „Beygjuljósið inn á Sæbrautina þegar þú kemur upp Klettagarðana það kemst svona einn bíll á hverjum ljósum. Neðri tengingin er hins vegar mjög góð. Beygjan upp frá Klettakæli gerir ekki ráð fyrir löngum bílum. Þegar einn langur bíll keyrir götuna er hún troðfull, vantar beygjuakgrein. Getið séð það á grasinu. Mjög margt er frá Höfninni er hins vegar til fyrirmyndar. T.d. grasslátturinn.“

21) „Það vantar greiðari tengingu frá hafnarsvæði úr bænum í átt að Grundartanga.(Sundabraut.)“

1.7 Skarfagörðum

22) „Erfiðar.“

1.8 Skútuvogi (Jaðarsvæðismegin, það er húsnúmer í oddatölu.)

23) „Það vantar aðkeyrslu frá Kleppsmýarvegi að Skútuvogi 13a.“

24) „Truflandi.“

25) *„Algjörlega út úr öllu korti, Reykjavíkurborg hefur skitið upp á bak í umferðartengingum við hafnarsvæðið.“*

26) *„Nokkuð góðar yfir höfuð. Samt punktar sem maður lendir oft í löngum biðum og traffík. Samt ekkert verra en annars staðar í Reykjavík. Bara eins og gengur og gerist.“*

27) *„Umferðin seinni partin er erfið.“*

1.9 Skútuvogi (Sundahafnasvæðismegin, það er húsnúmer í sléttri tölu.)

28) *„Í lagi nema viðvarandi umferðarstífur við Sprengisand.“*

29) *„Vel ásættanlegar eins og er.“*

30) *„Sundabrautin hefði átt að koma strax.“*

31) *„Sæbrautin á álagstímum er skelfileg, sérstaklega flutningar sem tengjast höfninni. Bilarninr hjá skipafélögunum fara á ákveðnum tíma - álagstímum á kvöldin.“*

1.10 Sundaborg

32) *„Mættu vera betri af hafnarsvæði inná Sæbraut, bæði breiðari akreinar og lengri tími umferðarljósa.“*

33) *„Þær eru mjög góðar, soldið mikil umferð og hún hefur aukist. Það var frekar þægilegt þegar gatan var lokuð.“*

1.11 Sundagörðum

34) *„Vandamálið er eiginlega bara á þessum háannatímum.“*

35) *„Hrikaleg aðkoma. Það þarf að laga þetta, alltaf stíflað á álagstímum. Alls ekki í lagi.“*

36) *„Umferð á Sæbrautinni er mjög þung á milli 16-18.“*

1.12 Vatnagörðum

37) *„Þær eru ekki góðar. Vegakerfið annar engan veginn þeirri umferð sem er.“*

38) *„Ekki í lagi sérstaklega síðdegis.“*

2 Hvað finnst þér um umferðarmál innan Sundahafnarsvæðisins?

2.1 Holtagörðum

39) *„Mjög léleg.“*

2.2 Holtavegi

40) *„Skoða "bullið" við Sundagarða/Vatnagarða/Sæbraut.“*

2.3 Kjalarvogi

41) *„OK en mættu vera mun betri fyrir þá sem vilja hjóla, ganga í til vinnu.“*

2.4 Klettagörðum

42) *„Þröngar og ekki gerðar fyrir stór tæki.“*

43) *„Góðar.“*

44) *„Má bæta.“*

45) *„Þröngar og ekki gerðar fyrir stór æki.“*

46) *„Viðhald gatna er alveg lélegt. Vatnagarðar eru nánast ófærir í rigningu, standa undir nafni. Versta gata bæjarins, búið að vera eitthvað að niðurföllunum í mörg herrans ár. Valt bíll á þráðbeinum veginum fyrir nokkrum árum.“*

2.5 Korngörðum

47) *„Þröngt.“*

2.6 Köllunarklettsvegi

48) *„Mætti vera betra.“*

49) *„Umferðahraði á stórum flutningabílum er mjög mikill á þessum stöðum. Beygjan upp hjá Eimskip og Olís er keyrð alltof hratt. Alveg merkilegt hvað sumir geta keyrt hana hratt.“*

2.7 Skarfagörðum

50) *„Vantar betri merkingar.“*

2.8 Skútuvogi (Jaðarsvæðismegin, það er húsnúmer í oddatölu.)

51) *„Mér finnst umferðin ganga vel.“*

52) *„Hundlélegar.“*

53) *„Gríðarlega þung umferð oft á tíðum.“*

54) *„Flytur ekki nóg, allt of mikið af umferðarteppum eins og í Vatnagörðunum.“*

55) *„Nokkuð gott.“*

56) *„Fáránleg gatnamótin hjá Holtagörðum. Erum að tala um aukaljósin. Svo komin bílaleiga hérna uppi líka sem gerir þetta allt mikið erfiðara og meiri traffic.“*

57) *„Skútuvogur að verða þungur seinnipart dags.“*

2.9 Skútuvogi (Sundahafnasvæðismegin, það er húsnúmer í sléttri tölu.)

58) *„Annar ekki umferð á álagstímum.“*

59) *„Umferðarmál til skammar í Skútuvoginum, ljósin á Sæbraut og Kleppsmýrarvegi þyrftu að vera beygjuljós þar. Allt of þröngt.“*

60) *„Mætti bæta, þröngar götur á mörgum stöðum og stórir bílar sem aka um svæðið.“*

2.10 Sundagörðum

61) *„Góðum málum.“*

62) *„Fínt, keyrt fullhratt t.d. gegnum okkar bílastæði.“*

63) *„Komast frá húsinu, eftir Vatnagörðunum og út á Sæbraut getur tekið 10-15 mín. Alls ekki í lagi. Þetta verður að laga og fer versnandi.“*

64) *„Pirrar mig ekki, þó hún sé stöðug.“*

65) *„Flutningabílar keyra frekar hratt hér. Ef maður ekur neðri leiðina að Holtagörðum þar getur verið rosalega mikil og þétt umferð á milli 16-18, þá sérstaklega vegna flutningabíla.“*

2.11 Vatnagörðum

66) „Það er allt of mikil gegnumstreymisumferð í Vatnagörðum, sem veldur mikilli truflun.“

67) „Svolítill hraði innan Vatnagarðanna. Stórir flutningabílar sem keyra hratt.“

68) „Alltof mikill hraði í Vatnagörðum. Það er 50 km/h hámarkshraði en það virðir það enginn. Hvorki flutninga né fólksbílar. Þrífa meira götuna.“

69) „Hraði og framúrakstur á Vatnagörðum er stórhættulegur. Stórir trukkar sem keyra hérna og fólk að asnast framúr.“

3 Er þörf á betri almenningssamgöngum á Sundahafnarsvæðinu?

3.1 Brúarvogi

70) „Alm. samgöngur eru ágætar.“

71) „Það er þörf á betri alm.samg. í Reykjavík þ.m.t. Sundahöfn“

3.2 Héðinsgötu

72) „Já gatnamótin Sundaborg, upp frá Gámavellinu hjá Eimskip.“

3.3 Holtagörðum

73) „Já.“

3.4 Holtavegi

74) „Já. Vagn sem færi um Vatnagarða og Skútuvog.“

3.5 Kjalarvogi

75) „Já, strætó á Skútuvog.“

76) „Já, strætó þyrfti að ganga í gegnum skútuvog / Holtabakka.“

3.6 Kleppsmýrarvegi

77) „Tengingu yfir Sundahöfn.“

3.7 Klettagörðum

78) „Sé ekki ástæðu fyrir því að fleiri tómir vagnar keyri þarna. Fólk missti af lestinni fyrir 30 árum að hafa frítt í strætó.“

3.8 Skútuvogi (Jaðarsvæðismegin, það er húsnúmer í oddatölu.)

79) „Í lagi sem stendur.“

80) „Klárlega, mikilvægt að létta á umferðarþunganum á svæðinu.“

81) „Já. Strætó fór áður inn í hverfið en er hættur því.“

82) „Nei, mínir viðskiptavinir hafa talið þær góðar til mín.“

3.9 Skútuvogi (Sundahafnasvæðismegin, það er húsnúmer í sléttri tölu.)

83) „Já, tengingar við almenningsvagna frá Akranesi og Hafnarfirði ófullnægjandi.“

84) *„Já, versnar með hverri breytingu. Erfitt að komast hingað frá öðrum bæjarhlutum. Svæðið sem atvinnusvæði mjög illa tengt. Tengingar raskast á álagstímum. Of lengi að ferðast með strætó tímalega séð. 7:20 - 8:05 (45 mín) að fara á móti 10 mín á bíl.“*

85) *„Í lagi eins og er.“*

3.10 Sundagörðum

86) *„Ekkert frekar.“*

87) *„Já mætti vera strætó fyrir neðan hjá okkur.“*

4 Er þörf á úrbótum á aðgengi hjólandi og gangandi umferðar í Sundahöfn?

4.1 Brúarvogi

88) *„Já — ekki gott aðgengi fyrir hjól“*

89) *„Já sérstaklega hjólandi“*

4.2 Holtagörðum

90) *„Já.“*

4.3 Holtavegi

91) *„Eins og staðan er í dag já. Þá mun umferð gangandi og hjólandi vaxa með tilkomu íbúðabyggðar við Elliðavog. Eðlilegt væri að gera brú eða göng undir Sæbraut við Holtaveg og Skeiðarvog.“*

4.4 Kjalarvogi

92) *„Já styrkja ljósin við Skeiðarvog og Sæbraut fyrir gangandi og hjólandi, undirgöng væru skoðunarverð.“*

93) *„Gott ef það væri betra aðgengi að skokk og hjólabrautum á svæðinu.“*

94) *„Já engir hjólastígar, mundi vanta.“*

4.5 Kleppsmýrarvegi

95) *„Já, alltaf má bæta.“*

4.6 Klettagörðum

96) *„Það væri auðvitað gott ef að hjólandi hefðu góða leið í gegn um/fram hjá hverfinu.“*

97) *„Reiðhjól verður aldrei raunhæfur möguleiki í því veðurfari sem ríkir hér á landi. Mátt ekki fara nær reiðhjólum en 1.5m þegar þau lög koma í gildi.“*

98) *„Mikið er um hjólandi vegfarendur í þröngu gatnakerfi þar sem hjólastígur við Elliðaárbotna endar og byrjar ekki að nýju fyrr en við Laugarnes. Oft á tíðum er áberandi að hjólreiðamenn sem ekki þekkja aðstæður eru að leita niður í Sundarhafnarhverfið af hjólastígum í stað þess að fara upp fyrir sæbraut.“*

4.7 Skútuvogi (Jaðarsvæðismegin, það er húsnúmer í oddatölu.)

99) *„Já eflaust má ýmislegt bæta í þessu.“*

100) *„Úrbætur varðandi hjólandi og gangandi umferð ætti að leysa fyrir ofan Sæbraut.“*

101) „Allt í lagi, ekki mjög gott.“

102) „Þoli ekki þetta helvítis hjólafólk. Hjólastígar illa nýttir.“

103) „Fínt þar sem við erum.“

4.8 Skútuvogi (Sundahafnasvæðismegin, það er húsnúmer í sléttri tölu.)

104) „Já eiginlega engar hjólabrautir til við Sæbraut.“

105) „Skútuvoginum; tengingin í gegnum Sundahverfið fyrir hjólandi er ekki nógu góð. Menn hjóla á götunum við mismunandi skilyrði. Dautt svæði frá Dugguvoginum og við Klepp, einskinsmannsland. Mætti verulega bæta hjólasamgöngurnar. Súðavogur og Skútuvogur hjólar úti í umferðinni -> hættulegt.“

106) „Ekki þar sem við erum.“

4.9 Sundaborg

107) „Já, það vantar hjólastíg annað hvort meðfram Vatnagörðum eða Sæbraut.“

108) „Aðgengi hjóla er ekki mikil.“

5 Hvaða skoðun hefur þú á þróun atvinnuuppbyggingar á Sundahafnarsvæðinu?

5.1 Brúarvogi

109) „Það þarf að huga að því að hafa mengandi starfsemi í lágmarki innan um matvælafyrirtæki“

110) „Gert sé ráð fyrir grænum svæðum, görðum fyrir starfsfólk að nýta sér yfir daginn til að breyta um umhverfi“

5.2 Héðinsgötu

111) „Vantar lóðir fyrir fleiri en Skipafélögin.“

112) „Hafnsækin starfssemi á undir högg að sækja.“

5.3 Holtagörðum

113) „Já.“

5.4 Holtavegi

114) „Svæðið, sér í lag syðri hluti (frá Holtagörðum að Húsasmiðju) munu í framtíðinni geta þjónað (verslun, þjónusta) nýrri byggð við Elliðvog (Vogabyggð, Bryggjuhverfi og Höfða).“

5.5 Kjalarvogi

115) „Mikilvægt að hafnsækinni starfsemi sé gert hátt undir höfði.“

116) „Litla en Sundrabraut þarf að vera hluti af framtíðaráformum.“

117) „Mjög ánægður að fá Húsasmiðjuna í stað tankanna. Ánægður með starfsemi í nágrenninu.“

5.6 Klettagörðum

118) „Jákvæður. Huga skal þó vel að umhverfinu og ekki heimili rekstur sem ógnar umhverfinu eða nærliggjandi byggð.“

119) „Mjög ákveðnar.“

120) „Þróunin er góð, skemmtileg blanda af iðnaði, vöruhúsum, flutningum og þjónustu, það þarf samt að gæta þess að láta ekki léttari starfsemi (ferðamenn, verslun og þjónustu) vaxa of mikið á kostnað iðnaðar og vöruhúsa og flutninga.“

121) „Atvinnustarfsemi tengd hafnarstarfssemi virðist víkja fyrir íbúðabyggð og annarri atvinnustarfsemi. Ekki er auðséð hver sé framtíðaráætlun varðandi farmfluttninga á svæðinu eða hvort stefnan sé að sú starfssemi flytjist á Grundartanga.“

122) „Vantar aukna þjónustu við ferðamenn tengt Skarfabakka, hótel, veitingastaði ofl.“

5.7 Köllunarklettsvegi

123) „Enga sérstaka, vil bara sjá líf og tækifæri.“

5.8 Skarfagörðum

124) „Virðist vera í góðu lagi eins og er.“

125) „Tel að þar þurfi að byggjast upp þjónustukjarni.“

126) „Ekki pláss fyrir fleiri.“

5.9 Skútuvogi (Jaðarsvæðismegin, það er húsnúmer í oddatölu.)

127) „Undir þrýstingi frá íbúðarbyggð.“

128) „Blönduð atvinnustarfsemi er mikilvæg á svo stóru svæði. Mikilvægt að stór og smá fyrirtæki í allskonar starfsemi þrífist vel :-)“

129) „Kemur til með að valda enn meiri umferðavanda en þegar er.“

130) „Mjög ánægð með þróunina.“

131) „Fer minnkandi, þrengir meira og meira að. Verið að breyta í íbúðahverfi í Vogunum og að lokum mun það væntanlega teygja sig í Skútuvoginn.“

132) „Helst viljað sjá atvinnuuppbyggingu á þessu svæði. Miður að það sé verið að rífa iðnaðarhúsnæði og byggja íbúðarhúsnæði. Það átti að halda áfram atvinnuuppbyggingu á þessu svæði, miðsvæðis í Reykjavík.“

133) „Fullmikið af litlum og lágreistum húsum þar sem ættu að koma stærri og háreistari hús.“

134) „Mjög mikilvægt að hafa Sundahafnarsvæðið í góðu lagi.“

5.10 Skútuvogi (Sundahafnasvæðismegin, það er húsnúmer í sléttri tölu.)

135) „Jákvæða skoðun.“

136) „Hafnarsvæðið er eins að fara í annað en hafnsækna stafssemi.“

137) „Að það eigi að skilyrða hvers lags atvinnustarfsemi sé innan svæðisins. Bílaverkstæði og slíkur iðnaður á illa heima innan um innflutningsfyrirtæki.“

138) „Mikil breyting til batnaðar. Heildsöluaðstaðan góð í Skútuvogi.“

139) „Hræddur um að þetta eigi eftir að fara í framtíðinni.“

140) „Verði sem mest og sem lengst. Verið að ýta fyrirtækjum úr Reykjavík.“

141) „Mætti vera meiri iðnaður.“

142) *„Er á réttri leið.“*

5.11 Sundaborg

143) *„Svæðið er miðsvæðis og gott að nýta sér það.“*

5.12 Sundagörðum

144) *„Á að vera iðnaðarsvæði.“*

145) *„Virðist vera á réttri leið.“*

146) *„Lítur vel út.“*

147) *„Sennilega í takt við tímann. Leiðilegt að missa útsýnið á Viðey vegna Innness hússins sem er að rísa, hefði mátt hafa þetta aðeins lægra, eins og Bakkinn vöruhús.“*

5.13 Sægörðum

148) *„Lóðir mættu vera stærri.“*

5.14 Vatnagörðum

149) *„Tiltölulega ánægður.“*

150) *„Eins og ég sé hana í dag, bara nokkuð góð.“*

151) *„Skipahöfn ætti að flytja til Þorlákshafnar.“*

Viðauki C

1 Athugasemdir til Faxaflóahafna sf.

1.1 Brúarvogi

1) *„Já öryggismál á lóðamörkum Kjalarvogar 5 og Landflutninga“*

1.2 Holtavegi

2) *„Gott væri að fá Sorphirðustöð á svæðið.“*

1.3 Kjalarvogi

3) *„Bæta Holtabakka og Vogasvæðinu sem staðsetningu, hér er hellingur af fyrirtækjum sem skilgreina sig ekki í Sundahöfninni.“*

4) *„Mjög aðkallandi athugasemdir sem þarf að koma í farveg ef við berum ábyrgð ! Barkarvogurinn er notaður sem Kvartmílubraut og það er grindverk Samskipsmegin sem heldur engu þar sem þeir grófu sig mikið niður og fallhætta mikil. Ef til kæmi slys á þessum stað gæti það farið mjög illa. Við lóðamörkin vantar beinlínis girðingu og þar er sama upp á teningnum hvað varðar fallhættu. Annars bætti einnig bæta götulýsingu en í vetur kom fyrir að slökkt væri á henni og hún fór seint í gang, menn mæta til starfa kl. 05:30. Einnig er annað sem kannski lítið hægt að gera í þegar menn af fraktskipum setjast á bekki við fyrirtækið og drekka.“*

1.4 Klettagörðum

5) *„Tengingar hafnarsvæðisins, alltaf verið að setja brýr hér og þar. Eins og enginn viti neitt þegar kemur að því að flytja dót undir þessar brýr.“*

6) *„Helvítis ruslahaugarnir (Hringrás). Meira og minna orðið matvælastarfsemi hér í kring. Skelfilegt að hafa svona ruslahauga í götunni. Það hefur 2-3x kviknað í þar sem getur verið tjón fyrir mig.“*

1.5 Köllunarklettsvegi

7) *„Vil Hringrás í burtu vegna eldhættu. Lóðirnar liggja saman.“*

8) *„Ég er ánægður með Faxaflóahafnir og hef engu að kvarta. Hef gaman að þessum skemmtiferðaskipum sem eru fyrir utan gluggan minn og snúa ýmist í suður eða vestur.“*

1.6 Skarfagörðum

9) *„Snjómokstur er oft ábótavant í inngötum – botnlöngum.“*

10) *„Við erum við hliðina á rútubílastæði skemmtiferðaskipanna og það svæði er mjög oft undirlagt af reykspólandi bílum. Það þarf að loka svæðinu betur til að koma í veg fyrir óþrifin, útlitslýtin og ónæðið sem fylgir þessu. Ætti að vera einfalt mál að gera þetta viðunandi því það þarf bara lága hindrun til að koma í veg fyrir að fólksbílar komist inn á svæðið.“*

11) *„Stundum kemur fiskilykt, en þetta er hafnarsvæði. Ég get ekkert kvartað yfir því. Og helvítis rokið.“*

1.7 Skútuvogi (Jaðarsvæðismegin, það er húsnúmer í oddatölu.)

12) *„Bæta götur og aðgengi að fyrirtækjunum á svæðinu.“*

13) *„Koma óhreinni atvinnustarfsemi í burtu, Vöku, Barðanum, Hringrás osfrv. í burtu.“*

14) *„Ekkert sem þeir geta gert í en umferðarmálin hér eru skelfileg. Hef þurft að stytta vinnustímann til þess að starfsfólk komist heim að sækja börn í leikskólann.“*

15) *„Láta litlar byggingar víkja fyrir stórum byggingum. Framtíðin ætti að vera að með tíð og tíma verði byggð upp hús fyrir stærri fyrirtæki.“*

16) *„Ofboðslega mikið af gámum hér fyrir utan. Eigandi hússins er með þannig starfsemi í húsinu. Hindrar ásýnina og fráhrindandi.“*

1.8 Skútuvogi (Sundahafnasvæðismegin, það er húsnúmer í sléttri tölu.)

17) *„Vantar úrræði fyrir fyrirtæki sem okkar til stækkunnar á þessu svæði. Þurfum að vera nálægt höfn og vöruflutningastöðvum. Flytjum inn rúm 8000 tonn á ári.“*

18) *„Skaffa lóðir og aðstöðu fyrir minni fyrtæki.“*

19) *„Innan svæðisins eru mörg smá fyrirtæki sem ekki huga að sorpflokkun og umhverfismálum vegna stærðar sinnar. Ekkert í hverfinu hvetur til slíkrar hugsunar, þ.e. ekki er t.d. sameiginleg sorphirða/endurvinnsla sem gæti verið lykill að betri umhverfisvitund, umgegni og sorpflokkun. Lausnir sorpfyrirtækja á flokkun sorps eru of dýrar fyrir stærri fyrirtæki. Faxaflóahafnir gætu átt jákvæða forgöngu í að koma þessum málum í gott horf á jákvæðan og góðan hátt.“*

20) *„Efla svæðið eins og hægt er. Fá Sundabrautina yfir, það verður að gerast. Faxaflóahafnir þurfa að taka þátt í því og taka ákvörðun. Ég er óánægður með að ekkert hafi enn verið gert í þessum efnum.“*

21) *„Mjög ánægður.“*

1.9 Sundaborg

22) *„Hirðing opinna svæða á svæði Faxaflóahafna við Sundahöfn er ábótavant.“*

23) *„Mætti keyra hægar á Vatnagörðum, lækka hámarkshraðann.“*

24) *„Mjög sáttur og húsið er vel rekið.“*

1.10 Sundagörðum

25) „Vinsamlega hættið að þjónusta mengandi skemmtiferðaskip sem hvort sem er gefa lítið í aðra hönd.“

26) „Takk fyrir frábærar hafnir!“

27) „Vantar stærra húsnæði á svæðinu.“

28) „Það vantar verslanir og veitingahús á þetta svæði, góð hafnarkrá væri t.d. fín.“

29) „Sé út í Viðey og finnst það kostur, fer þangað einstaka sinnum þegar ég nenni ekki að vinna. Góður staður, Viðey.“

30) „Smá fnykur í Sundagörðum 2, kemur fyrir. Hringrás eiga líka ekki heima hér í nágrenninu. Ég held þó að það sé búið að ákveða að þessi starfsemi eigi ekki heima hér. Hér eru heldur engar verslanir í grenndinni.“

31) „Starfsemi Hringrás er úr takti við umhverfið hér. Önnur starfsemi er mjög góð. Þessi fyrirtæki hér þessu svæði eru ábyggilega flest með hafsækina starfsemi, innflutning. Gott að sjá hvað hann fær stóran part af svæðinu. Það finnst mér af hinu góða og hagkvæm fyrir samfélið.“

32) „Hérna á sínum tíma þegar þessi lóð var byggð var grindverk alveg í kringum fyrir okkur. Svo var grindverkið tekið niður og það sem er að gerast í dag er að fólk er að stytta sér leið hér í gegnum planið okkar, á fleygi ferð, 50 km/klst. Þetta skapar gríðarlega hættu og slit á malbikinu okkar, sem við berum síðan kostnað af. Þetta er einkalóð. Vantar biðskyldumerki inn á Sundagarðana. Hver á réttinn? Vandamálið er umferðin. Aðgengið að okkur frá Sæbraut er ekki góð. Það er engin aðrein fyrir okkur, brött brekka upp sem þarf alltaf að afísa. Hvað með auglýsingar á húsum sem snúa að Sæbraut? Má ég auglýsa á húsveggnum mínum sem snýr að Sæbrautinni?“

1.11 Vatnagörðum

33) „Já að Faxaflóahafnir beiti sér fyrir gerð "Sundabrautarlausnar" strax.“